

**Ársskýrsla  
stjórnar LH.  
Starfsárið 1981-'82  
Reikningar  
ársins 1981**



Efnisyfirlit ársskýrslu L.H. 1982.

-bls-

1.	Stjórn L.H. 1982 .....	1
2.	Starfsmannahald og skrifstofa.....	1
3.	Knapamál .....	3
4.	Landsmót L.H og B.I. 1982. ....	4
5.	Reiðvegagerð .....	7
6.	Hesturinn okkar. ....	8
7.	Utgáfumál L.H. ....	9
8.	Auglýsinga- og kynningarblaðið Hestar	10
9.	Atak til kynningar hestamennsku. ....	11
10.	Tölvuvinnsla á félagaskrám .....	11
11.	Reiðvegafé .....	12
12.	Póstferð .....	13
13.	Frímerki .....	13
14.	Ettbók íslenskra hrossa .....	14
15.	Áningarstaðir á hálandi. ....	14
16.	Reiðskólastyrkur. ....	15
17.	Merkingar hrossa. ....	15
18.	Samkomulag milli L.H. og F.T. ....	16
19.	Myndbandstæki .....	19
20.	Kvikmyndagjöf .....	19
21.	Kvikmyndun landsmóts 1982 .....	19
22.	Breytingar á félagsbúningum.....	20
23.	Umsóknir um íslandsmet 1982 .....	20
24.	F.E.I.F.- aðild. ....	21
25.	Skógarhólar .....	22
26.	Merki L.H. ....	22
27.	Staða L.H. gagnvart I.S.I. ....	23
28.	Fasteignaskattar af hesthúsum .....	24
29.	Svæðisfundur á Norðurlandi. ....	25
30.	Fjármál L.H. ....	25
31.	Reikningar L.H. 1981 .....	26
32.	Reikningar Hestsins okkar 1981 .....	30
33.	Innkomin árgjöld 1981 .....	29

Nefndir L.H. 1982.

-bls-

33. Ferðanefnd L.H. ....	32
34. Samkomulag L.H. og Vegagerðar ríkisins.	33
35. Kortlagning helstu reiðleiða. ....	34
36. Fræðslunefnd L.H. ....	35
37. Gæðinga- og unglinganefnd L.H. ....	36
38. Hesthúsbygginganefnd L.H. ....	37
39. Skýrsla kappreiðanefndar L.H. ....	38
40. Mótanefnd L.H. ....	42
41. Laganefnd L.H. ....	44
42. Ársskýrsla íþróttaráðs L.H. 1982.....	45
43. Besti árangur kappreiða 1982. ....	47

SKÝRSLA STJÓRNAR LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGASTARFSÁRIÐ 1981 - 1982I. STJÓRN.

A starfsárinu 1981 - 1982 skipuðu eftirtaldir stjórn Landssambands hestamannafélaga:

Aðalstjórn:

Formaður: Stefán Pálsson, Kópavogi.  
 Ritari: Sigurður Haraldsson, Kirkjubæ, Rangárvöllum.  
 Féhirðir: Gísli B. Björnsson, Reykjavík.  
 Meðstjórn: Skúli Kristjánsson, Svignaskarði, Borgarfirði.  
 Egill Bjarnason, Sauðárkróki.

Varastjórn:

Varaform.: Kristján Guðmundsson, Reykjavík.  
 Vararitari: Arni Magnússon, Akureyri.  
 Varaféhirðir: Arni Guðmundsson, Beiganda, Borgarhr. Mýrasýslu.  
 Varameðstj.: Guðrún Guðmundsdóttir, Egilsstöðum.  
 Birgir Guðmundsson, Selfossi.

Stjórn L.H. hélt 17 stjórnarfundi á árinu.

2. STARFSMANNAHALD OG SKRIFSTOFA.

Eins og fram kom í ársskýrslu stjórnar fyrir síðast liðið ár, var Tryggvi Gunnarsson ráðinn til að veita skrifstofu L.H. forstöðu í júnibyrjun 1981. Hann var framkvæmdastjóri samtakanna fram í júní á þessu ári, en þá tók Sigurður Ragnarsson við starfi framkvæmdastjóra og gegndi því lausráðinn í júní, júlí og ágúst. Gengið var frá ráðningu hans formlega frá septemberbyrjun. Tryggvi reyndist hinn hæfasti starfeskraftur bæði duglegur og ábyggilegur og var eftirsjón að missa hann frá samtökum okkar. En hann lauk lögfræðiprófi nú síðastliðið vor og tók við starfi í landbúnaðarráðuneytinu í maí síðastliðnum. Eru honum hér með þökkuð ágæt störf hans. Stjórnin vill jafnframt bjóða Sigurð Ragnarsson velkominn til starfa. Í ljós hefur komið að starfsmaður í hálfu starfi er ekki fullnægjandi og meðan auglýsingablað "Hestar" var í vinnslu var Ingibjörg Tómasdóttir ráðin í hálf starf, mánuðina mars, apríl og maí.

Það var því samdóma álit þeirra, er að þessum málum komu, bæði stjórnar og fyrverandi framkvæmdastjóra, að reikna beri með heils dags starfi. Því var Sigurður Ragnarsson ráðinn í fullt starf. Skrifstofan hefur verið talsvert notuð til fundahalda og annarra starfsemi á vegum L.H. og nær allir stjórnarfundir hafa verið haldnir þar. Margir nefndarfundir hafa einnig verið haldnir þar og má segja að húsnæðið hafi verið vel notað undir félagsstörf á vegum L.H. auk stjórnunar og reksturs. Skrifstofan verður opin alla daga frá kl. 9 til 5 þannig að félögini geta nú leitað til skrifstofunnar á venjulegum skrifstofutíma. En það að taka ákvörðun um heils dags starf þýða aukin útgjöld og er hér gerð tillaga til hækunar á árgjöldum, til þess að mæta þeim kostnaði. Menn verða að gera sér ljósa grein fyrir því, að starfsemi sem þessari, starfsemi 45 hestamannafélaga sem eru yfir 7 þúsund félagsmenn, er félagsskapur sem mörgu þarf að sinna, því ættu ekki að vera of þungar birgðar sem lagðar eru á svo stór félagssamtök að halda uppi skrifstofu með einum starfsmanni. Til viðbótar skrifstofukostnaði er greiddur ferðakostnaður fyrir stjórnarmenn utan Stór-Reykjavíkur-svæðis, en að öðru leyti er ekki neinn kostnaður af störfum stjórnar. Varðandi störf stjórnar, er rétt að geta þess, að nokkur breyting var gerð að því leyti, að aðal- og varastjórn var boðuð til fundar fljótlega eftir að síðasta árþingi lauk og var verkefni þess fundar að fara yfir ályktanir þingsins og skipta niður verkefnum. Þá var annar fundur haldinn seinni partinn í apríl, einnig með aðal- og varastjórn, og var þá gerð úttekt á verkum vetrarins. Er þetta gert til þess að auka tengsli varastjórnar við aðalstjórn samtakanna og held ég að það sé mjög nauðsynlegt til þess að öll stjórnin geti betur fylgst með því sem er að gerast á hverjum tíma. Við erum svo lánsöm nú, að í stjórn, aðal- og varastjórn eru fulltrúar úr öllum landshlutum og er það mikils virði svo tengslin verði sem best í alla landshluta. Þá var haldinn svæðisfundur á Norðurlandi. Hann var haldinn á Akureyri í mars mánuði. Þar mættu fulltrúar frá landssambandinu og gerður grein fyrir störfum L.H. Þar voru umræður um ýmis mál, sem mónum lá á hjarta.

Stjórnin telur að sú nýbreytni, sem tekin var upp 1981 með svæðisfundinum á Suðurlandi, eigi fullkomlega rétt á sér og eigi að stefna að því að vera með svæðisfund að minnsta kosti einn á ári.

### 3. KNAPAMÁL

Miklar umræður urðu á árinu vegna síðustu samþykktar árþings um aldur knapa og bárust stjórninni nokkrar óskir í því sambandi.

Beiðni kom frá um 35 aðilum, að vikið yrði frá samþykktinni þetta ár og að hún tæki ekki gildi fyrr en eftir næsta árþing.

Stjórnin leitaði til nokkurra lögfræðinga um túlkun á lögum og reglum fyrir L.H. Niðurstaða þeirra lögfræðinga var sú, að stjórnin hefði ekki heimild til að víkja frá löglegum samþykktum árþings. Þá kom fram á stjórnarfundi tillaga þess efnis, að frestað yrði gildistöku, þar sem tillagan að breytingu síðasta árþings hefði ekki verið kynnt félögunum með löglegum fyrirvara. Það fylgdi með lögfræðilegt álit einnig þeirri tillögugerð. Það var álit meiri hluta stjórnar, að það hefði ekki verið svo fast eftir því gengið að kynna tillögur með þriggja vikna fyrirvara, á liðnum árum, að flestar samþykktir árþinga undnafarinna ára myndu hafa þarf með fallið, ef þessi tillaga gengi fram. Stjórnin samþykkti samhljóða að senda út bréf til allra hestamannafélaga í landinu og leitaði álits þeirra á framkomnum hugmyndum um að fresta gildistöku. Bréf þetta var sent út 26. maí, eftir stjórnarfund, sem haldinn var 25. maí. Með bréfi þessu voru send út öll þau gögn sem fyrir lágu, varðandi þetta efni og þurftu svör að hafa borizt skrifstofu L.H. fyrir 3. júní.

Yfir 20 umsagnir bárust og voru fleiri í þá veru, að það væri álit félaganna, að stjórnin hefði ekki heimild til að víkja frá löglegum samþykktum. Ákveðið var síðan á stjórnarfundi með meiri hluta atkvæða, að víkja ekki frá löglegum samþykktum árþings um aldursmörk knapa og gilti það síðan þetta keppnisár.

Það að menn sættu sig ekki við samþykkt síðasta árþingum um breytingu á knapaalddri í 16 ár, ollu verulegum leiðindum og truflunum á nokkrum kappreiðum framan af vori.

4.

#### 4. LANDSMÓT L.H. OG B.I. 1982

Landsmót L.H. var haldið að Vindheimamelum í Skagafirði, dagana 7.- 11. júlí 1982.

A fundi sínum þann 9. júlí 1979 ákvað stjórn L.H. að Landsmót L.H. 1982 skyldi haldið á Vindheimamelum í Skagafirði.

Stjórn Vindheimamela s.f. hóf þá þegar undirbúning á mótsstað m.a. með aukinni vallargerð, lagfæringum á áhorfendasvæði o.m.fl. Hinn 8. júní 1980 var á fundi stjórna hestamannafélaganna á Norðurlandi og fulltrúa frá stjórn L.H. ákveðið að hestamannafélögin á Norðurlandi önnuðust um framkvæmd mótsins og bæri á því fjárhagslega ábyrgð, og L.H. kæmi inn sem eitt aðildarfélag, þó án vinnuframlags á mótinu.

Hinn 23. maí 1981 höfðu félögini tilnefnt menn í framkvæmdanefnd og þann dag kom nefndin saman til fyrsta fundar. Nefndina skipuðu:

Kolbrún Úlfssdóttir, Syðra-Fjalli,  
Árni Magnússon, Akureyri,  
Guðmundur Ó. Guðmundsson, Sauðárkróki,  
Sveinn Guðmundsson, Sauðárkróki,  
Frosti Gíslason, Frostastöðum,  
Skafti Steinbjörnsson, Hafsteinsstöðum,  
Sigurður Ingimarsson, Flugumýri,  
Grímur Gíslason, Blönduósi,  
Indriði Karlsson, Hvammstanga.

Formaður nefndarinnar var kjörinn Sveinn Guðmundsson, ritari Grímur Gíslason, aðalgjaldkeri mótsins var ráðinn Guðmundur Ó. Guðmundsson. Á fundi þessum var samþykkt að tímasetja mótið fyrstu helgina í júlí 1982. Var þá sérstaklega miðað við að koma til móts við sjónarmið bænda vegna heyskapar og sjónarmið hrossaræktarmanna vegna notkunar á stóðhestum. Þessi tímasetning olli allmiklum umræðum og á ársþingi L.H. í Stykkishólmi 1981 var óskað eftir breytingu á þessum tíma, þannig að mótið yrði haldið aðra helgi júlimánaðar.

Framkvæmdanefndin ákvað á skyndifundi í Stykkishólmi hinn 31. október 1981 að verða við þessum tilmælum ársþingsins og ákvað mótið dagana 7. - 11. júlí 1982. Þeirri ákvörðun var ekki breytt enda þótt seinkun mótsins sætti nokkurri gagnrýni.

5.

A fundi framkvæmdanefndar, er haldinn var 22. nóvember 1981, mættu þeir Stefán Pálsson, formaður L.H. og Þorkell Bjarnason, hrossaræktarráðunautur B.I. A þeim fundi var rætt um samskipti L.H. og B.I. við mótshaldara og mótaðar heildarlínur í þeim efnum.

Pá voru og rædd fjölmörg önnur atriði, varðandi undirbúning mótsins, sem tímabært þótti að vinna að. Hinn 6. febrúar 1982 kom framkvæmdanefndin saman til fundar. A þeim fundi var gengið frá ráðningu framkvæmdastjórnar fyrir mótið. Var hún þannig skipuð:

Sveinn Guðmundsson, Sauðárkróki,  
Páll Dagbjartsson, Varmahlíð,  
Egill Bjarnason, Sauðárkróki,  
Þórarinn Sólmundsson, Sauðárkróki.

Skrifstofuáðstaða var fengin hjá Búnaðarsambandi Skagfirðinga, Sauðárkróki.

Framkvæmdastjórnin hóf þegar störf. Hún kom oft saman til funda, en framkvæmdanefndin hélt alls sjö bókaða fundi. Við undirbúning mótsins var lögð áhersla á, að skapa sem besta aðstöðu til mótsaldsins. Vindheimameler s.f. bættu aðstöðu til sýninga og keppni, m.a. með aukinni vallargerð á Vindheimamelum, lagfæringu á áhorfendasvæðinu o.fl. Gífurleg áhersla var lögð á sem besta þjónustu við mótshesti og má í því sambandi nefna, að snyrtiaðstaða var stóraukin og endurbætt. Reyndist sá þáttur í fullkomnu lagi. Hagagirðingar fyrir ferðahesta voru í Borgarey, alls 13 hólf og rétt í hverju hólf. Verslað var með matvöru á mótsstað, og má segja að sá þáttur hafi mælst sérstaklega vel fyrir, og verði á þeirri voru stillt í hóf. A tjaldstæðum var aðstaða fyrir fjölskyldubúðir og sér aðstaða fyrir hjólhýsi. Útibú Búnaðarsbanka Íslands á Sauðárkróki annaðist bankaafgreiðslu á mótsstað, til mikils hagræðis fyrir mótshesti, ekki síst útlendinga. Túlkað var á erlend mál þau atriði, er máli skiptu fyrir útlendinga. Flugbjörgunarsveitin á Akureyri annaðist neyðarþjónustu á mótsstað. Dagskrá mótsins var prentuð á íslensku, þýsku og ensku í sýningarskrá.

Fyrirhugað var að fara póstferð í tengslum við mótið, en ekki var talinn grundvöllur fyrir þeirri ferð, og varð því

6.

ekki af henni. Komið var á happdrætti í sambandi við mótið. Í boði voru sex góðir vinningar. Útgefnið miðar voru 8.000. Verð miðans var kr. 50. Sendir voru miðar til sölu til allra félaganna í hlutfalli við meðlimatölu þeirra. Sala hjá félögnum var mjög misjöfn eða allt frá því að allir miðar voru seldir, og óskað eftir fleiri miðum, niður í það að endursenda alla miðana, jafnvel án þess að vitja þeirra á viðkomandi pósthúsi. Hlutfallslega besta salan var á Norður- og Austurlandi, en lang lökust á Reykjavíkursvæðinu. Aðalmiðasalan var því á mótsstað.

Verslað var með minjagripi, platta, könnur, oddveifur o.m.fl. Sala þeirra var minni en ætlað var. Þá var söluaðstaða fyrir rit L.H. Eiðfaxa og Búnaðarfélag Íslands á þeim ritum, sem það gefur út og varða hrossarækt.

Í Borgarey var aðstaða til sýningar á söluhrossum og til verslunar með hross. Mikið starf var lagt í þennan þátt, en sala í hrossum reyndist lítil.

Sýningarskrá var prentuð í Prenttækni. Ritstjóri hennar var Jón Steinþímsson, aðstoðarsérfræðingur í Keldnaholti, (RALA). Hann vann mikið og gott starf við útgáfu skrárinnar, sem var allmikið rit eða rúmlega 200 blaðsíður.

Skrifstofa L.H. vann einnig mikið starf vegna sýningarskrár og ýmsa aðra þætti til undirbúnings mótsins.

Hross til sýninga og keppni voru skráð sem hér segir:

1. Stóðhestar með afkvænum	12
2. Stóðhestar 6 v. og eldri	15
3. Stóðhestar 5 v.	5
4. Stóðhestar 4 v.	3 samt. 35
5. Hryssur með afkvænum	9
6. Hryssur 6 v. og eldri	21
7. Hryssur 5 v.	5
8. Hryssur 4 v.	5 samt. 41 = 76
9. Frá hrossaræktarbúum og fél.	6 hópar (60-70)
10. Gæðingakeppni A-fl.	82
11. Gæðingakeppni B-fl.	77 samt. 159
12. Unglingakeppni 13-15 ára	51
13. Unglingakeppni yngri	28 samt. 79

7.

14. Skeið 150 m	13
15. Skeið 250 m	27 samt. 40
16. Stökk 250 m	12
17. Stökk 350 m	21
18. Stökk 800 m	10 samt. 43
19. Brokk 300 m	19

476

Auk þessa voru allmög hross sem komu við sögu á Evrópu-móti (Tilraunamót) Landsmótsins. Um það sá Íþróttaráð L.H., og annaðist undirbúning þess.

Aðgangseyrir var 350 kr fyrir allan tímann en 200 kr. fyrir síðasta dag. Börn 12 ára og yngri greiddu ekki aðgangseyri. Hestamannafélögin á Norðurlandi lögðu fram alla vinnu á mótinu eða sem næst 800 átta tíma vaktir. Eru þá ótalin allmög störf, sem innt voru af hendi að auki.

Landsmót L.H. á Vindheimamelum 1982 er glæsilegasta landsmót, sem haldið hefur verið á vegum L.H., bæði hvað sýningar- og keppnishross áhrærir svo og ailan undirbúning og framkvæmd mótsins.

Stjórn L.H. þakkar öllum þeim er hlut eiga að máli, þó alveg sérstaklega framkvæmdaneftnd og framkvæmdastjórn mótsins. Sérstakar þakkar eru færðar formanni framkvæmdastjórnar fyrir forystu við undirbúning og framkvæmd mótsins.

#### 5. REIÐVEGAGERD

I framhaldi af samkomulagi milli Vegagerðar ríkisins og Landssambands hestamannafélaga sem getið er um á öðrum stað, hafa nú verið kosnir fulltrúar í hestamannafélögum í hverju umdæmi og er þeim ætlað samkvæmt samkomulagi L.H. og Vegagerðar að vera til eftirlits og ráðgjafar um reiðvegagerð innan hvers fjórðungs. Hafa eftirtaldir fulltrúar verið útnefndir af hálfu L.H. og hestamannafélaganna:

I Vesturlandsumdæmi: Skúli Kristjánsson og Elís Jónsson.

I Vestfjarðaumdæmi: Ingír Garðar Sigurðsson og Jón Guðjónsson.

I Norðurlandsumdæmi,

vestra: Grímur Gíslason og Sveinn Jóhannsson

I Norðurlandsumdæmi,

eystra: Jónas Vigfússon og Páll Alfreðsson.

I Austurlandsumdæmi: Guðmundur Þorleifsson og Ingimar Sveinsson.

I Suðurlandsumdæmi: Gunnar Jóhannsson og Gústaf Lilliendal.

I Reykjanesumdæmi: Valdimar Jónsson og Hreinn Ólafsson.

## 6. HESTURINN OKKAR

Allmiklar breytingar urðu á útgáfumálum Hestsins okkar um s.l. áramót.

I ritnefnd blaðsins var fjöldað og reynt að tryggja það, að sem mest dreifing milli landshluta yrði meðal ritnefndarmanna.

Eftirtaldir komu nýir til starfa í ritnefndina:

Sigrún Eiríksdóttir, Hornafirði, Vilhjálmur Pálsson, Húsavík og Sigurður Haukur Guðjónsson, Reykjavík.

Áður höfðu verið valdir til starfa í nefnd, Hannes Hjartarson, Akranesi, Jón Steingrímsson, Reykjavík, Þórir Þorsteinsson, Reykjavík og Kristján Guðmundsson, Reykjavík, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Jafnframt var Albert Jóhannesson, Skógum ráðinn ritstjóri blaðsins, en Albert er óþarf að kynna meðal hestamanna, forystumaður samtaka okkar til margra ára.

Honum til aðstoðar hefur verið sonur hans Jóhann Alberthson, sem einkum hefur annast ýmis framkvæmdaatriði.

Þá var útliti blaðsins töluvert breytt, bæði forsiðu blaðsins og uppsettingu þess. Reynt var að léttu svipmót blaðsins, minnka lesmál hverrar síðu og auka myndefni, m.a. með litmyndum. Ennfremur er það ásetningur ritnefndar að auka efni blaðsins, hafa það fjölbreytt og læsilegt.

Þá hefur verið lagt kapp á að flýta útgáfu einstakra blaða, en á þingum hestamanna hefur það verið gagnrýnt, með vissulega réttu, að dregist hafi úr hömlu að koma blöðum út á réttum tíma. Hesturinn okkar á tryggan hóp áskrifenda og eiga fjölmargir blaðið frá upphafi útgáfunnar 1960. Það hefur verið vilji ráðamanna blaðsins að geta ætið boðið áhugafólki öll útgefin blöð. Þess vegna var fyrir nokkrum árum ráðist í endurútgáfu nokkurra blaða. Því miður er ástandið pannig nú, að þrjú tölublöð eru ófáanleg, og hefur ritnefnd í hyggju að endurprenta þau og hugsanlega fleiri.

Áskrifendum hefur fjöldað töluvert á árinu, enda nokkuð unnið að kynningu blaðsins, bæði á opinberum vettvangi og meðal manna. Áskrifendur eru nú tæplega 3000.

Fjárhagur blaðsins hefur styrkt verulega. Reikningar liðins árs sýna liðlega 100 þús. kr. tekjuafgang.

Hafa ber í huga að þetta reikningsár voru nánast engin starfs-laun vegna útgáfunnar. En þessi gleðilega niðurstaða gefur nefndinni aukna möguleika á eflingu blaðsins. Það er fullur vilji meðal ritnefndarmanna, að málgagn samtaka okkar hestamanna verði áfram sómasamlegt og vonandi er að mönnum þyki fengur í því að taka sér blaðið í hönd.

## 7. ÚTGáfumál L.H.

Nokkuð átak hefur verið unnið í útgáfumálum.

### 1. Ný útgáfa endurbætt af Lög og reglur L.H.

Komið var upp kerfi merkinga á þessum eyðublöðum, sem auðvelda eiga mönnum að skipta út gömlu fyrir nýjar samþykktir. Útlit möppunnar var lagfært. Einnig var svo hafin skráning áskrifenda að viðbótarbloðum og eru þegar um 150.... skráðir.

### 2. Hafin var útgáfa Smárita L.H. Rit þessi eru hugsuð í samræmu formi, hvað stærð og útlit snertir. Gefin voru út: A) Gæðingareglur B) Unglingakeppni.

Framundan eru fleiri útgáfur í þessum útgáfuflokki og má þar t.d. nefna rit um járningar. Rétt er að geta þess, að áhugi fyrir að eignast þessi rit mætti vera margfalt meiri miðað við þær samþykktir, sem hafa hrundið þessu í framkvæmd. Nauðsynlegt er því að hvetja alla hestamenn til að eignast ritin og nota sem leiðbeiningar- eða fræðslurit og góðrar lesningar og sem leiðbeiningar í reiðkennslu.

### 3. Gefið var út í vandaðri útgáfu Leiðbeiningar fyrir gæðinga- og unglingsdómara. Það er handhæg mappa í plastumslögum til hagræðis og uppsláttar við dómarastörf. Einkum ætluð dómurum.

### 4. Allmög eyðublöð L.H., sem ætluð eru hinum ýmsu tilfenum, s.s. kappreiðum, gæðingakeppni o.m.fl. hafa verið endurunnin, og sum jafnvel þegar komin inn í möppuna Lög og reglur L.H.

### 5. Hestaskírteini er að mestu tilbúið og er þar beðið eftir, hvernig komið verði fyrir upplýsingum um frostmerkingar hrossa.

Um útgáfu og útlit þessara hluta sáu þeir Tryggvi Gunnarsson og Gísli B. Björnsson.

## 8. AUGLÝSINGA- OG KYNNINGARBLAÐIÐ HESTAR

Þar sem að ljóst var, að fjárhagur L.H. með mikilli aukningu á skrifstofu- og útgáfustarfi stæði ekki að öllu leyti undir sílkri aukningu á útgáfusviði og daglegum rekstri, var tekin ákvörðun um útgáfu blaðs, sem gegndi tvíþættu hlutverki, að kynna hestamennskuna, aðallega út fyrir raðir hestamanna og afla L.H. fjár í formi auglýsinga.

Undirbúnin og söfnun auglýsinga hófst í mars, apríl, en blaðið kom út í endaðan maí. Upplag þess var 15.000 eint. Blaðið var 40 síður og þar af rúml. 100 auglýsingar. Meginhluti þessara auglýsinga var fenginn með því að stjórnarmenn og nokkrir aðrir góðir hestamenn skiptu með sér að ná þeim inn. Arangur varð mjög góður. Aðalstarfsmaður við blaðið var Ingibjörg Tómasdóttir, auk annarra starfa, sem hún hafði á skrifstofu eftir atvikum, þeiri að ná efni saman, texta og myndum og auglýsingaefni og fylgja þessu eftir í gegnum vinnslu í prentsmiðju. Útgáfa sem þessi er töluvert verk.

Blaðið var sent út að hluta eftir skrám félaga en önnur félög tóku sjálf að sér dreifingu blaðsins. Varð það sent öllum formönnum hestamannafélaganna og þeim síðan ætlað að dreifa því til annarra á sínu félagssvæði. Í flestum tilfellum má segja að dreifing hafi tekist sem skyldi. Hafa ber í huga, að blaðið var ekki síður ætlað til dreifingar utan raða hestamanna og því ætlað að kynna hestamennskuna útávið. Þess vegna var t.d. sett til Flugleiða um 4-500 blöð, sem fóru í flugvélar félagsins og farþegum ætluð. Einnig var blaðið sent í pósti einum 800 fyrirtækum viða um landið.

Hópur blaðamanna, sem tengist hestamennsku vann mikinn hluta skriffaðs efnis og færum við því fólk okkar bestu pakkir.

Ætlaðar tekjur blaðsins: 197.443,-

Ætluð gjöld: 105.832,-

Ætlaður hagnaður: 91.611,-

## 9. ÁTAK TIL KYNNINGAR HESTAMENNSKU

Í tengslum við útkomu blaðsins HESTAR var efnt til blaðamannafundar og tilefnið tengt landsmóti, hestamennsku og fjáröflun. Var öllum fjölmöglum gert viðvart, en einkum búist við fréttamönnum blaðanna. Því miður verður að segjast, að viðbrögð þeirra voru næsta lítil, þótt ekki sé verið að kvarta um áhuga þeirra blaðanna, sem heimsóttu fundinn. Voru helstu málefni kynnt og samtök hestamanna og sjónarmið. Vildi stjórn L.H. fyrst og fremst vekja áhuga dagblaðanna og annarra fjölmöglu á hestamennskunni og tilveru hestamanna. Í framhaldi af þessu var ákveðið, að gera sem mest átak til kynningar og umfjöllunar hestamennsku sem víðast og á almennum vettvangi.

## 10. TÖLVUVINNSLA Á FÉLAGASKRÁM

Síðasta ársþing samþykkti, að hestamannafélögini sameinst um að koma upp tölvuvinnslu á félagaskrám hestamanna-félaganna. Verði skrifstofa L.H. miðstöð þessarar vinnslu og annist afgreiðslu og móttöku vegna hestamannafélaga. Hvert hestamannafélag kosti vinnslu á félagatali viðkomandi félags, og beri kostnað af eigin notkun á tölvuskránni. Stjórn L.H. skal heimilt að nýta hina semeiginlegu félagaskrá hestamannafélaganna til útsendingar á gögnum og öðru efni sem L.H. gefur út. Öheimilt er að leyfa öðrum en viðkomandi félagi og stjórn L.H. afnot af félagaskránni.

Þetta mál er nú komið nokkuð af stað og þegar prentaður listi yfir nöfn allra félaga í hestamannafélögum 1980. Er til þess ætlast, að þingfulltrúar taki lista viðkomandi félags og endurbæti samkvæmt nýjustu upplýsingum úr félagaskrá þeirra. Þær upplýsingar, sem vantar helstar eru nöfn nýrra félaga, nafnúmer, sími, heimilisfang, póstnúmer og annað það, er listinn segir til um. Mjög nauðsynlegt er, að allar upplýsingar séu réttar og greinilega upp skriffaðar. Ný útprentun mun síðan verða send strax og félögini hafa sent skrifstofu L.H. endurbættan lista sinn og prentun hans lokið. Úr því ætti að vera hægt að senda viðkomandi félagi límmiða, sé þess óskað, og skrifstofa L.H. á mun auðveldar um vik með útsendingar bréfa eða gagna á sínum vegum. Í vexandi starfsemi skrifstofunnar þarf ekki að leiða likur að því, hversu gífurlegt hagræði þetta kann að verða í framtíðinni um samantekt á félagafjölda og útsendingu gagna.

## 11 REIÐVEGAFÉ

Stjórnin úthlutaði reiðvegafé ársins 1982 á fundi í febrúar og hafði til ráðstöfunar 145.000,00 kr. og sóttu um það 13 félög og skiptist það sem hér segir:

<u>Félag:</u>	<u>Upphæð í kr.:</u>	<u>Verkefni:</u>
Faxi,	10.000,00	Reiðleiðir að móttssvæði Faxa að Faxaborg.
Borgarfirði.		
Fákur,	25.000,00	Viðhald reiðvega út frá hesthús- um Fáks.
Reykjavík.		
Funí,	5.000,00	Reiðleið eftir bökkum Eyjafjarðar- fjarðarár.
Eyjafirði.		
Gustur,	12.000,00	Reiðleiðir út frá Glaðheimum, hest- húsabyggð félagsins í Kópavogi.
Kópavogi.		
Hörður,	15.000,00	Reiðvegir á Kjalarnesi, meðfram Esjunni og Svínaskarði. Frekari lagfæring á leiðum í Mosfellssveit þ.e. Blikastaðanes og leiðin til Pingvalla.
Kjósarsýslu.		
Léttfeti,	15.000,00	Reiðvegagerð meðfram Sauðárkróks- braut.
Sauðárkróki.		
Léttir,	10.000,00	Lagning reiðvegar í landi Króks- staða. Lagfæring á reiðleiðinni frá Akureyri og inn á Melgerðis- mela eftir bökkum Eyjafjarðarár.
Akureyri		
Sleipnir,	12.000,00	Lagning reiðvegar meðfram Eyrar- bakkavegi og einnig kafli meðfram Flóavegi.
Selfoss og nágr.		
Smári,	8.000,00	Uppsetning hliða á reiðleiðum í Hreppum og á Skeiðum.
Hreppar og Skeið.		
Snaefaxi,	5.000,00	Reiðvegur að fyrirhuguðu móttssvæði félagsins á Langadalseyrum.
N-Ding.		
Stígandi,	15.000,00	Ljúka reiðleið milli Reykja í Tungusveit og Vindheimamela.
Skagafirði.		
Trausti,	5.000,00	Reiðleið frá Apavatni að Kringlu- mýri á Lyngdalsheiði. Reiðleið um byggðina á Laugarvatni.
Laugardal og nágr.		
Bjálfí, S-Ding.	8.000,00	Vatnshlíðarvegur.

Umsóknarfrestur fyrir árið 1983 er til 1. desember og verður fénu úthlutað eftir áramót 1982-3.

## 12. PÓSTFERÐ OG FRÍMERKI

Eins og menn muna var skipuð nefnd til þess að kanna, hvort um fjárhagslegan grundvöll fyrir póstferð í tengslum við landsmótið væri að ræða. Eftir nokkra fundi í nefndinni og ýmsar athuganir sem gerðar voru meðal safnara og frímerkjasaala, kom í ljós, að áhugi fyrir slíkum sérstimplunum var næsta lítill og því ekki talið ráðlegt að leggja út í slika ferð. Nefndin lagði því niður störf eftir að hafa kynnt stjórn L.H. frá niðurstöðum sínum.

## 13. FRÍMERKI

Dagana fyrir landsmótið kom út á vegum Póst- og síma-  
málastjórnar nýtt frímerki með mynd af knapa og hesti á  
skeiði. Meðal frímerkjasafnara hefur petta merki orðið um-  
deilt m.a. vegna litasamsetningar þess og frágangs.

Augljóst er, að ekki hefur verið haft fullt samráð við  
hestamenn eða L.H., en útaf fyrir sig er það þó nokkur áfangi  
að fá enn eitt frímerki, sem minnir á hestinn og hestamennsk-  
una í landinu.

Verðgildi þess er kr. 7,00.



Pótt fjárhagslega hafi ekki verið hagkvæmt að endurtaka  
póstferðina hefur Póst- og símamálastjórnin sýnt þessu fullan  
áhuga og það ber að pakka.

## 14. ÆTTBÓK ÍSLENSKRA HROSSA

Segja má að útgáfa ættbókar tilheyrir ekki beint starfi  
L.H., heldur sé hér um verkefni, er Búnaðarfélag Íslands á  
að sjá um. En áhugi á útgáfunni er til staðar og stjórn L.H.  
hefur beitt áhrifum sínum um útkomu ættbókar B.I. Nú er svo  
komið að skrá um stóðhesta nr. 750-966 er í prentun og væntan-  
leg út þessa daga.

### 15 ÁNINGARSTAÐIR A HÁLENDI

Stöðugt hafa verið í gangi viðræður við landeigendur og hreppsfélög um áningarástaði á háleindinu og hefur í mörgum tilfellum náðst samkomulag þar um. Samningur hefur verið gerður við landeigendur um afnot af Hvítárnesgirðingu og á Hveravöllum og viðræður eru í gangi við upprekstrarfélög í Borgarfjarðarsýslu, um girðingu í Alftakrók, í tengslum við nýjan gangnamannaskála.

Ljóst var í vor, að mjög aukið álag yrði á þessum stöðum öllum, vegna ferðalaga á landsmótíð, auk þess sem gróður var mjög stutt á veg kominn og á viðkvæmu stigi um það leyti. Voru því sendar út ábendingar til ferðamanna um, að hlífa gróðri sem mest, og taka með sér aukafóður og nota svo mikið sem purfa þetti. Sem betur fór tók gróðurinn miklum framförum til batnaðar, og kom það sér vel. Ekki varð þó hjá því komist, að næturhólf yrður fyrir miklum átroðningi, og kom það illa niður á girðingunni í Hvítárnesi. Var því hafist handa um það seinni partinn í sumar, að útvega áburð til dreifingar í samvinnu við Landgræðslu ríkisins, sem tók að sér dreifinguna, en L.H. sá um áburðarkaupin.

Vert er að geta þess að kostnaður vegna viðhalds girðinga og áburðardreifingar fer vaxandi, og verður æ þyngri róður um útvegun fjármagns til þessara hluta fyrir L.H., en samningar við landeigendur beinlinis krefjast þessa. Nú kostaði áburður í Hvítárnesgirðingu kr. 9.050,-, og viðhald girðinga í Hvítárnesi og Hveravöllum kr. 4.394,50. Þetta er auðvitað sanngjarnt og sjálfsagt mál, en eftir því sem slikum hólfum fjölgar, vex vandin á viðhaldi þeirra. L.H. vill að sjálfsögðu hafa forystu í þessum efnum, og verður reynt að ná samningum áfram um land og afnot, en rétt er þó að gefa notkun rafmagnsgirðinga æ meiri gaum. Hugsanlega mætti stórauka notkun rafmagnsgirðinga í framtíðinni, og haga ferðalögum í samræmi við það, á meðan ekki er farið út í stórkostlegt landnám og auka uppgræðslu á háleindinu, til að mæta beitarþörfinni, í samræmi við aukin ferðalög á hestum milli landshluta í tengslum við stórmót og milli móta. Við endanlega úrvinnslu korta og skráningu reiðvega mætti e.t.v. skipuleggja betur náttstaði eða áfanga á ferðalögum, ef þess er greinilega getið, hvar

haga er að finna og hverjir eigi landið og séu umráðamenn þess, m.t.t. notkunar rafmagnsgirðinga í lengri eða skemmti ferðalögum ríðandi manna.

Svo sem að framan er getið varð girðingin í Hvítárnesi fyrir miklum ágangi í sumar. Með tilliti til þeirrar reynslu efndi stjórn og ferðanefnd L.H. til fundar með fulltrúum frá Búnaðarfélagi Íslands og Landgræðslu ríkisins. Niðurstaða þess fundar var suð að stærð girðingarinnar sé óheppileg, hún er milli 3 og 4 ha. Slík girðing lenti alltaf í örtröð, nánast hvað sem fyrir hana er gert. Því sé heppilegra að girða smærri vörluhólf á helstu áningarástöðum, þar sem hægt sé að gefa ferðahrossum, en reikna að öðru leyti með beit utan girðinga.

### 16. REIÐSKÓLASTYRKUR

Til reiðskólastarfsemi á vegum L.H. hefur fengist styrkur frá Æskulýðsráði ríkisins vegna væntanlegs námskeiðs fyrir leiðbeinendur í hestamennsku á vegum æskulýðsráða og hestamannafélaga. Styrkurinn er kr. 5.000.- og hefur þegar verið afhentur L.H. en væntanlega mun fræðslunefnd sjá um skipulagningu námskeiðsins og undirbúning.

Frá Landbúnaðarráðuneytinu kemur hinn árlegi styrkur sem nefnist til styrktar reiðskólastarsemi L.H. og hefur verið veittur til hestamannafélaga sem stunda reiðkennslu fyrir börn í samvinnu við æskulýðsstarf eða hestamennsku barna og unglings í bæjum og sveitum. A síðasta ári skiptist þessi upphæð milli 6 hestamannafélaga, en á þessu ári hefur ekki enn verið úthlutað enda tæplega hægt að skipta slíkri upphæð pannig að hún komi að notum.

### 17. MERKINGAR HROSSA

Sem kunnugt er hefur Pétur Hjálmsson allmikið kynnt sér aðferðir við frostmerkingu hrossa og nautgripa og m.a. farið utan til Bandaríkjanna í því sambandi. Nú eru komin til landsins tæki til frostmerkingar og þegar byrjað að merkja hross. Ætla má að frostmerking verði er fram líða stundir almenn. Veltur mikið á hvernig þetta kerfi próast hér upp til hagræðis fyrir bændur og hrossaræktarmenn. Fær hver hestur n.k. nafn-skírteini sem fylgir honum til æviloka. Þetta mun verða al-farið í höndum Búnaðarfélags og ráðunauta þess.

## 18. SAMKOMULAG MILLI L.H. og F.T.

Dann 29. janúar s.l. var undirritað samkomulag milli L.H. og F.T., um kaup og kjör tamningamanna og reiðkennara. Samkomulag þetta gildir eingöngu milli þessara aðila og yfir reiðkennslu á vegum hestamannafélaga innan L.H. Nokkrar umræður höfðu átt sér stað á undan undirritun og komu fram ýmsar breytingar sem telja verður að sé til áréttigar samkomulaginu og nánari skýringar gagnkvæmt fyrir báða aðila, sem gerir samninginn fyllri og skýrari. Samningarnir taka að sjálfsögðu öllum vísítölubreytingum sem önnur laun. Mánaðarlaun tamningamanns í fullu starfi eru því í dag, eftir síðustu vísítöluhækku kr. 9.841,65.

Samkomulagið fer hér á eftir óbreytt:

Félag tamningamanna f.h. félaga sinna og Landssambands hestamannafélaga f.h. aðildarfélaga sinna gera með sér svofelldan samning um kjör tamningamanna:

### 1. Um kaup

#### 1.1. Föst mánaðarlaun

Föst mánaðarlaun tamningamanna í fullu starfi skulu frá og með 01. febrúar 1982 vera kr. 7.719,00. Mánaðarkaup er miðað við 173 klst. unnar í dagvinnu og reiknast tímakaup á hverja klukkustund kr. 44,62.

#### 1.2. Orlof

Greiða skal 8,33% orlof á greidd laun.

#### 1.3. Álag

Tamningamaður skal fá greitt 10% álag ofan á mánaðarlaun ásamt orlofi. Álag þetta er ætlað til að mæta kostnaði tamningamanns vegna trygginga, sbr. lið 2.1., reiðtygja og öðrum kostnaði er starfinu fylgir.

#### 1.4. Verðbætur á laun

Um verðbætur á laun fer eftir almennum reglum um kaupgjaldsvísítölu.

### 2. Tryggingar og laun í veikindum

#### 2.1. Tryggingar

Tamningamaður skal annast kaup á örorku- og slysatryggingu er innifeli dánarbetur, örorkubætur og dagpeninga, sbr. lið 1.3.

#### 2.2. Laun í veikindum

Tamningamaður skal eigi missa neins af í launum, í hverju sem þau eru greidd, í two daga fyrir hvern unninn mánuð í veikinda- og slysatilfellum.

### 3. Ferðir

#### 3.1. Ferðir í upphafi og við lok ráðningartíma

Sé tamningamaður ekki búsettur á viðkomandi atvinnusvæði skal hann fá greiddan ferðakostnað til vinnustaðar, þegar samningstímbabil hefst, og heim aftur að því loknu.

#### 3.2. Ferðir á starfstíma

Sé starfsstaður tamningamanns 250 kilómetra frá heimili hans eða meira - miðað við landveg - skal tamningamaður fá greiddan kostnað við eina heimferð fyrir hverja two unna mánuði. Nýti tamningamaður sér ekki þennan rétt til heimferðar falla greiðslur samkvæmt þessum lið niður.

### 4. Fæði

#### 4.1. Fæðispengingar

I fæðispeninga greiðast kr. 30,00 á hvern vinnudag, ef unnið er á búsetusvæði, annars samkvæmt samkomulagi hverju sinni. Ef tamningamanni er séð fyrir fæði falla greiðslur fæðispeninga niður.

### 5. Lifeyrissjóður

Tamningamanni er rétt og skylt að greiða 4% af launum sínum í lifeyrissjóð. Vinnuveitanda er skylt að greiða 6% á móti.

### 6. Uppsagnarfrestur

Þegar tamningamaður hefur verið ráðinn til ákveðins tíma, þarf ekki uppsagnarfrest nema hann hafi unnið fjórar vikur eða lengur hjá sama vinnuveitanda og skal uppsagnarfrestur þá vera tvær vikur og gagnkvæmur, einnig ef ráðning er ótímabundin. Uppsögn skal vera skrifleg.

### 7. Lausn ágreiningsefna

Komi upp ágreiningur varðandi samning þennan skulu viðkomandi aðilar snúa sér til Félags tamningamanna eða Landssambands hestamannafélaga, og skulu stjórnir framangreindra samtaka leita sameiginlega lausnar á ágreiningsefni.

### 8. Gildissvið

Samningur þessi gildir eingöngu fyrir félaga í Félagi tamningamanna.

Reykjavík, 29. janúar 1982

Samþykkt með fyrirvara um endanlegt samþykki stjórnar Félags tamningamanna og Landssambands hestamannafélaga.

Fyrir hönd F.t.

Sigurbjörn Þórðarson

Þorvaldur G. Ágústsson

Fyrir hönd L.H.

Stefán Pálsson

Tryggvi Gunnarsson

Félag tamningamanna og Landssamband hestamannafélaga eru sammála um eftirfarandi:

Bókun I:

Samkomulag framangreindra aðila frá 20. janúar 1979 um kjör reiðskólkennara gildi áfram óbreytt en launa-tölur taki verðbótum eftir kaupgjaldsvísitölu.

Félag tamningamanna tekur að sér að annast útvegun kennara, ef ráðinn kennari forfallast meðan á námskeiði stendur, sé þess nokkur mögulegur kostur.

Bókun II:

Félagar í Félagi tamningamanna skuldbinda sig til að láta sérstaka tamningaskýrslu fylgja hverju hrossi, þegar því er skilað úr tamningu. Félag tamningamanna lætur útbúa slikt skýrsluform og skal það hljóta staðfestingu stjórnar L.H.

Bókun III:

Félag tamningamanna skal láta Landssambandi hestamannafélaga í té skrá yfir félagsmenn sína og tilkynna jafnan um breytingar á skránni.

Reykjavík, 29. janúar 1982

Fyrir hönd F.t.

Fyrir hönd L.H.

Sigurbjörn Bárðarson  
Þorvaldur G. Ágústsson

Stefán Pálsson  
Tryggvi Gunnarsson

19. MYNDBANDSTÆKI OG KVIKMYNDAGJÖF

A síðasta ársþingi var samþykkt að kaupa myndsegulband og upptökutæki til afnota fyrir fræðslu- og dómaranámskeið o.fl. Ímis tilboð voru könnuð og gerður verðsamanburður og notagildi á slíkum tækjum. En á s.l. vetrí þegar unnið var að auglýsingasöfnun við blaðið Hestar tilkynnti Ragnar Tómasson að hann hefði átt viðræður við Pétur Björnsson hjá Hljómbæ og hefði hann fallist á að láta L.H. hafa myndband og upptökutæki af SHARP-gerð til afnota fyrir L.H. gegn því að fá heilsíðuauglýsingu í Hestar og einnig auglýsingar í Hestinum okkar. Stjórn L.H. féllst á þetta tilboð og hafa tækin verið notuð undanfarið bæði í tengslum við dómaranámskeið og til upptöku á dómum á landsmótinu í sumar og væntanlega verður af því mikið gagn í framtíðinni. Tveir menn úr hópi dómarara hafa aðallega haft tækin til notkunar og safnað efni sem nota má við dómaranámskeið og fræðslu.

20. KVIKMYNDAGJÖF

I mars s.l. tilkynnti Ragnar Tómasson einnig að hann ánaðnaði L.H. til fullrar eignar og kvaðalausrar ráðstöfunar tveim kvíkmyndum annars vegar frá Evrópumóti í Danmörku og Austurríki og hins vegar frá Landsmóti 1974. Eru honum færðar hér bestu þakkar fyrir þessa höfðinglegu gjöf og framlag til uppbyggingar kvíkmyndasafns L.H.

21. KVIKMYNDUN LANDSMÓTSINS 1982

A miðjum vetrí var farið að kanna, hverjir möguleikar væru á að kvíkmynda landsmótið á Vindheimamelum í sumar og leitað tilboða bæði frá Arnarfilm og Kvik s.f. Lagt var til grundvallar að sjónvarpið tæki myndina til sýningar, en kostnaðaráætlun væri fólgin í útvegu efnis, kaup á filmum og leiga á tækjum auk kostnaðar tveggja til þriggja manna eftir atvikum. Að lokum var ákveðið að fá Kvik s.f. til þess að gera myndina, og samningur par að lútandi gerður í júnílok.

Eftirtaldir aðilar styrktu kvíkmyndagerð þessa:

Búvörudeild S.I.S.	kr.	40.000,-
Landbúnaðarráðuneytið	"	10.000,-
Stéttarsamband bænda	"	10.000,-
Búnaðarfélag Íslands	"	10.000,-
Landsmót 1982	"	35.000,-
Landssamband hestamannafélaga	"	<u>20.000,-</u>
		Samtals kr. 125.000,-

Reiknað er með að myndin verði tilbún í byrjun nóvember og ætti þá strax að vera hægt að semja við sjónvarpið um sýningu hennar.

## 22. BREYTINGAR Á FÉLAGSBÚNINGUM

Tvö félög sóttu um breytingar á félagsbúningum sínum til L.H. á árinu. Hestamannafélagið Blær óskaði eftir breytingum er varða nýjan félagsbúning sem verður framvegis brúnn jakki, svartar buxur og brúnt eða svart bindi. Var áður blá blússa með hvítri og blárrri rönd á ermum, félagsmerki og nafni félags á baki og barmi.

Djálfí óskaði eftir breytingum á sínum búningi eftirfarandi og verður framvegis grænn jakki, hvít peysa eða skyrta og bindi samlitt eða svipað jakka.

Breytingarnar samþykktar af hálfu L.H. en í þessu sambandi ákveðið að safna sem gleggstum upplýsingum um félagsbúninga og merki svo sem frekast er unnt. Var því reynt að ljósmynda sem flesta félagsbúninga á landsmótinu. Enn vantar þó nokkrar myndir af einstökum félögum og lýsingu á búningum frá allflestum. Verður unnið að því áfram að koma skipulagi á þessi mál ásamt safni af félagsmerkjum og fánum.

## 23. UMSÓKNIR UM ÍSLANDSMET

Tvær umsóknir hafa borist um ílandsmet í hlaupagreinum.

1 400 m stökki Örvar frá Hjaltastöðum, Skagaf. 8. v. Metið sett á Mánagrund 9. ágúst 1981, tími 27,4 sek. Knapi Jón Ólafur Jóhannesson. Eigandi Einar Óskarsson og Róbert Jónsson.

1 300 m stökki Hylling frá Nýju-Borg 5 v. Metið sett á Mánagrund 8. ágúst 1982, tími 20,6 sek. Knapi Jón Ólafur Jóhannesson. Eigandi Jóhannes Þ. Jónsson.

Bæði þessi met hafa verið staðfest.

## 24. F.E.I.F. ADILD

Fundur var haldinn með aðildarfélögunum, þ.e.a.s. Búnaðarfélagi Íslands, S.I.S. og L.H. í febrúar.

A þeim fundi var gengið frá hvernig þessi félög störfuðu saman, einnig var skýrt frá hverjir væru fulltrúar, en þeir eru frá L.H. Stefán Pálsson, aðalmaður, en Sigurður Sæmundsson til vara, Gunnar Bjarnason frá Búnaðarfélagini og Magnús Ingvarsson frá S.I.S. Magnús skýrði frá því að hann mundi hætta hjá S.I.S. og mundi maður í hans stað verða tilnefndur fljótlega, en það er Birna Baldursdóttir. Gengið var frá því að S.I.S. tæki á móti pósti og útbýtti honum, en fulltrúi B.I. boðaði fundi í nefndinni. Síðan gerðist ekkert fram á útáliðið sumar að við fréttum af ræktunarráðstefnu í Þýskalandi og hafði Ísland þegar tilnefnt fulltrúa á þá ráðstefnu. Fulltrúar L.H. boðuðu þá þegar fund í nefndinni og báru fram harðorð mótmæli. Í fyrsta lagi að L.H. væri ekki látið fylgjast með ráðstefnum sem haldnar væru á vegum F.E.I.F. og í öðru lagi að tilnefna fulltrúa frá Íslands hálfu án vitundar L.H. Bað Gunnar Bjarnason afsökunar á þeim mistökum, en fulltrúar L.H. létu bóka að þeir fulltrúar sem færðu frá Íslandi væru ekki á vegum L.H.

A aðalfund F.E.I.F. í nóvember s.l. mætti fráfarandi formaður samtaka okkar, Albert Jóhannsson. Það helsta sem rætt var á þeim fundi var:

- Umsókn um aukaaðild Canada. Málinu frestað.
- Umsókn um staðfestingu á dómararéttindum frá fjórum löndum. Var flestum umsóknum vísað heim aftur vegna formgalla. Vantaði m.a. undirskriftir umsækjenda. Einnig þótti tortryggilegt að sótt skyldi um réttindi fyrir 6 dómara frá Íslandi. Íslenskir dómarar eru nú 6. Þjóðverjar eiga flesta - 8 dómara. Heimilað var að afgreiða málið bréflega, þannig að það þarf ekki að bíða næsta fundar.
- Sagt frá samkomulagi L.H., S.I.S. og B.I. Engar athugasemdir komu fram.
- Pétur Behrens sagði frá tilraunum L.H. um aðild að I.S.I. og óskaði eftir upplýsingum frá fulltrúum um stöðu þessarra mála í þeim löndum sem aðild eiga að F.E.I.F., svo L.H. geti notað þær sem innlegg í málið.

5. Rætt um næsta Evrópumót 1983 sem haldið verður við Júralfjöll á stað sem heitir Domaine de Chalain.

Það er von okkar að betra samband og meiri samvinna verði meðal fulltrúa Íslands, en raun varð á, á liðnu starfsári.

#### 25. SKÓGARHÓLAR

Fljótlega eftir ársþingið í Stykkishólmi 1981 var boðað til fundar hestamannafélaganna á Suður- og Vesturlandi um viðræður með rekstur Skógarhóla í huga og aðstöðu þar fyrir hestamenn.

Var fundurinn haldinn á Selfossi og þar óskað eftir að öll hestamannafélögin á Suður- og Vesturlandi tækju afstöðu til þess, hvort þau vildu taka þátt í stofnun félags um rekstur Skógarhóla. Nokkur félaganna aðallega á Suðvesturlandi voru þessu meðmælt og var stofnuð undirbúningsnefnd sem boðaði til fundar í Reykjavík þar sem undirbúin var stofnun félags sem sjá skyldi um rekstur og framkvæmdir á staðnum. Á þeim fundi var ályktun gerð þess efnis að Skógarhólar yrðu byggðir upp sem áningar og dvalarstaður hestamanna í framtíðinni.

L.H. hefur fallist á að væntanlegt félag fái afnot af staðnum, gegn viðhaldi þeirra mannvirkja sem þar eru.

Nú nýverið mætti Stefán Pálsson til fundar með undirbúnings- og framkvæmdaneftnd samstarfsaðilanna og kynntu þeir teikningu af hreinlætisaðstöðu sem þeir hyggjast láta gera, ef hún fáist samþykkt af Þingvallaneftnd. Í framhaldi af þessu var á fundinum rætt nokkuð ítarlega um stöðu og framtíð Skógarhóllanna og þá möguleika hestamanna til að byggja staðinn upp í áföngum. Voru menn sammála um það að reyna til þrautar að fá öll félögini sunnan og vestanlands til samstarfs. Var því niðurstaðan sú, að samstarfsnefndin fengi Þingvallaneftnd til viðræðna.

#### 26. MERKI L.H.

Hefur nú verið ákveðið að nota áfram sama merkið og verið hefur, en með smávægilegum breytingum.

Eins og menn voru settar hér fram á ársþingi síðast, hugmyndir að merki fyrir L.H., er mætti verða framtíðarmerki samtakanna. Stjórnin komst að þeirri niðurstöðu að falla ekki frá eldra merkinu og fá heldur listamanninn Baltasar til að breyta því lítilsháttar m.t.t. einföldunar og skírleika, og notkunar á bréfhausum og skjölum L.H. Merkið prýðir nú kápu þessa ársrits og mun verða tákni L.H. um næstu framtíð.

#### 27. STJÓRN L.H. GAGNVART I.S.I.

Landsþingið í Stykkishólmi samþykkti að stjórn L.H. fengi til liðs við sig starfshóp reyndra manna, sem að íþróttá- og félagsmálum hafa starfað, og hafin verði nákvæm gagnasöfnun frá hinum Norðurlöndunum um, hvernig félagsleg staða hestamanna er gagnvart íþróttahreyfingum viðkomandi landa.

A grundvelli þeirra upplýsinga sem aflast, verði mótmáðar tillögur og þær kynntar Menntamálaráðuneytinu. Á þeim vettvangi gangi L.H. frá félagslegri stöðu sinni gagnvart íþróttahreyfingunni þannig, að L.H. njóti sömu réttinda og framlaga sem íþróttahreyfingin í samræmi við félagatölu sína.

Stjórn L.H. standi sterkt í því að styrkja félagslega stöðu L.H. út á við, og hindra jafnframt að hvers konar klofningur eða hliðarstökk séu tekin, sem ekki sé fullreynt um, hvernig fari fyrir heildina.

Varðandi inngöngu L.H. inn í I.S.I. er óhætt að segja að staðan sé nánast óbreytt frá því sem var á síðasta ársþingi. Möguleiki var á því að leggja inn umsókn fyrir íþróttadeildir nú á fulltrúaráðstefnu, sem haldin var í september, en fallið frá því vegna þess að hún var ekki talin heppileg til að sækja um inngöngu einmitt þá. Hins vegar verður formannaráðstefna haldin í apríl og þá hafa íþróttadeildirnar aftur möguleika á að sækja um inngöngu. Hugmyndin er því þá, að a.m.k. 10 íþróttadeildir verði búnar að sækja um inngöngu fyrir þann tíma til viðkomandi íþróttabandalaga og verði það samþykkt hjá þeim, mun eftirleikurinn verða mun auðveldari, hvað varðar formannaráðstefnuna. Stefnt er að viðræðum við stjórn I.S.I. nú alveg á næstunni, sem vænta má að verði endanlegt formsatriði til undirbúnings umsóknum í íþróttabandalögum.

Rætt hefur verið við Reyni Karlsson, íþróttafulltrúa ríkisins, nokkrum sinnum um félagslega stöðu hestamanna gagnvart íþróttahreyfingunni á Norðurlöndunum. Í ljós hefur komið, að einungis þeir þættir hestamennskunnar, sem eru viðurkenndar olympiugreinar fá félagslega aðild að íþróttahreyfingunni þar.

Sýnt er að samtök okkar L.H. mun ekki fá beina aðild að I.S.I. að svo komnu, en íþróttadeildirnar geta knúið dyra.

#### 28. FÄSTEIGNASKATTAR AF HESTHÓSUM

Samkvæmt upplýsingum er stjórn L.H. hefur aflað frá sveitastjórnunum er meginreglan sú að fasteignaskattur er lagður á hesthús eins og gripahús til sveita, þ.e. lögð er til grundvallar regla samkvæmt A-lið 3. greinar þ.e. 0,50% af fasteignamati.

Nokkur sveitarfélög leggja þó á samkv. L. 73/1980 3. grein B-lið þ.e. 1,00% af fasteignamati húsa og lóða.

Framyfir þessar reglur hafa sveitarfélögini leyfi til frávika bæði upp og niður og beita þar mjög mismunandi reglum. Eftirfarandi skattlagning hjá 20 sveitarfélögum er svöruðu og álagning á hesthús er tíðkuð:

0,40% = 0,40% Garðabær

0,50% - 10% = 0,45% Hafnarfjörður

0,50% = 0,50% Keflavík, Húsavík, Reykjavík, Hvammshreppur

0,50% + 18% = 0,59% Sauðárkrúkur

0,50% + 25% = 0,625% Dalvík, Selfoss, Höfðahreppur, Skagaströnd, Akureyri, Laxárdalshreppur, Stykkishólmur, Ólafsvík.

0,65% = 0,65% Kirkjubæjarhreppur

1,00% = 1,00% Grindavík, Ölfusahreppur

1,00% + 15% = 1,15% Kópavogur

1,00% + 25% = 1,25% Bolungarvík

Önnur gjöld leggjast að auki á hesthús, s.s. lóðagjöld, vatnsskattur.

Ætla má að þetta sé fyrst og fremst háð skilningi og velvilja sveitarstjórnna en gæti e.t.v. orðið samningsatriði milli einstakra hestamannafélaga og viðkomandi sveitarstjórnna hvaða álagningareglur skuli gilda.

#### 29. SVÆDISFUNDUR Á NORÐURLANDI

Svæðisfundur stjórnar L.H. og stjórna hestamannafélaganna á Norðurlandi var haldinn á Akureyri 3. apríl 1982.

Formaður L.H. setti fundinn og skýrði tilgang hans, sem væri fyrst og fremst sá, að auka kynni og tengsl stjórnar L.H. við aðildarfélögini.

A fundinum skýrðu þeir Stefán Pálsson og Tryggvi Gunnarsson frá störfum stjórnar L.H. og skrifstofu. Í máli þeirra kom fram, hver væru helstu verkefni, sem nú væri unnið að á vegum L.H.

Sigurður Haraldsson gerði grein fyrir störfum gæðinga- og unglinganeftdar L.H. Stefán Pálsson skýrði frá störfum Ferðanefndar og Egill Bjarnason greindi frá endurskoðun á lögum og reglum L.H., og skipun þeirra með tilliti til búsetu nefndarmanna.

Fundarmenn þökkuðu, að slíkur fundur sem þessi, skyldi haldinn og töldu ávinnung að þeirri kynningu sem þar hefði komið fram.

#### 30. FJÄRMÁL L.H.

Eins og fram kemur í reikningum L.H. fyrir 1981 hefur orðið smávægilegur halli á rekstrarreikningi móti góðum hagn-aði 1980. Fjárhagsáætlun sem gerð var hefur samt í megin-atriðum staðist. Munur á milli ára er sá að árið 1980 var ekki athafnaár en árið 1981 er skrifstofa L.H. með kröftugum starfskrafti að koma í gagnið. Skrifstofu- og fundarkostnaður allur hækkar verulega. En engar nýjar tekjur koma til á því ári.

Reykjavík, 22. október 1982

Stefán Pálsson Gísli B. Björnsson

Sigurður Haraldsson Skúli Kristjónsson

Egill Bjarnason

## 31. Landssamband hestamannafélaga.

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 1981.

TEKJUR:

	Skýr:
Árs gjald sambandsfélaga .....	1) Kr. 169.640,00
Starfsstyrkur .....	" 2.000,00
Reiðskólastyrkur .....	" 3.000,00
Vextir af sparifé .....	" 27.418,49
Tekjur samtals:	<b>Kr. 202.058,49</b>
<u>Tap</u> .....	<u>" 9.557,90</u>
	<b><u>Kr. 211.616,39</u></b>

GJÖLD:

Laun .....	2) Kr. 80.446,42
Annar skrifstofukostnaður .....	3) " 38.726,67
Binghald og fundir .....	4) " 20.372,15
Akstur og ferðakostnaður .....	5) " 36.054,50
Námskeið og fræðsla .....	6) " 10.268,30
Skógarhólar .....	" 1.255,00
Landvernd .....	" 750,00
Reiðskólastyrkir .....	" 3.000,00
Annar kostnaður .....	7) " 5.394,40
Kappreiðarmál .....	8) " 5.595,85
Bókaútgáfa .....	9) " 599,50
<u>Afskriftir</u> .....	10) " <u>9.153,60</u>
Gjöld samtals:	<b><u>Kr. 211.616,39</u></b>

## Landssamband hestamannafélaga

## E F N A H A G S R E I K N I N G U R

EIGNIR:Handbært fé:

Búnaðarbanki Íslands:	
Vaxtaaukareikningur nr. 317850 ...	Kr. 52.775,00
Sparisjóðsbók nr. 66428 .....	" 10.678,79
" 2658 .....	" 4.118,23
Hlaupareikningur nr. 12112 .....	" <u>23.171,09</u> Kr. 90.743,11

Kvikmyndir ..... " 200,00

## Eignir á skrifstofu:

Yfirfært frá fyrra ári .....	Kr. 9.897,06
Viðbót á árinu .....	" <u>22.432,60</u>
	Kr. 32.329,66

+ Afskrifað 1981 ....	Kr. 6.932,60
" áður ....	" <u>4.397,06</u> " <u>11.329,66</u> " 21.000,00

## Girðingar:

Girðing í Hvítanesi .....	Kr. 11.021,00
+ Afskrifað 1981 .....	" <u>2.221,00</u> " 8.800,00
Skógarhólasvæði .....	" 250,00
Skógarhólahús .....	" 2.000,00

## Útistandandi skuldir:

Landsamband bóksala hf. f. seldar bæk.Kr.	2.200,00
Fyrirframgreidd húsaleiga .....	" <u>2.080,00</u> " <u>4.280,00</u>
	<b>Eignir samtals: Kr. 127.273,11</b>

Landssamband hestamannafélaga

31. D E S E M B E R 1981.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:Skuldir:

Ögreiddur kostnaður ..... Kr. 2.000,00  
 Skuldir samtals: Kr. 2.000,00

Eigið fé:

Yfirlært frá fyrra ári ..... Kr. 134.831,01  
 + Tap skv. rekstrarreikningi ..... " 9.557,90  
 Eigið fé samtals: Kr. 125.273,11

Skuldir og eigið fé samtals: Kr. 127.273,11

Reykjavík, 21. september 1982

Gisli B. Björnsson.

Framanskráðan reikning Landssambands hestamannafélaga, fyrir árið 1981, höfum við endurskoðað.

Við höfum sannreynnt að tilfærðar bankainnistæður eru fyrir hendi.

Birgðir af bókum, lögum og reglugerðum hafa ekki verið metnar til verðs í ársreikningum undanfarinna ára og svo er enn.

Jón Bjarnason  
Jón Bjarnason

Reykjavík, 21. september 1982

Ragnar Á. Magnússon  
Ragnar Á. Magnússon.

Landssamband hestamannafélaga

INNKOMIN ÁRGJÖLD 1981.

	102 félagar	Kr.	2.550,00
Andvari .....	52 "	"	1.300,00
Blakkur .....		"	0,00
Blær .....	154 "	"	3.850,00
Dreyri .....	255 "	"	6.375,00
Fákur .....	1.065 "	"	26.625,00
Feykir .....	52 "	"	1.300,00
Fél. tamningamanna .....	56 "	"	1.400,00
Freyfaxi .....	167 "	"	4.175,00
Funi .....	68 "	"	1.700,00
Geysir .....	359 "	"	8.975,00
Glaður .....	113 "	"	2.825,00
Glófaxi .....		"	0,00
Glæsir .....	103 "	"	2.575,00
Gnýfari .....	62 "	"	1.550,00
Goði .....	36 "	"	900,00
Grani .....	84 "	"	2.100,00
Gustur .....	353 "	"	8.825,00
Háfeti .....	104 "	"	2.600,00
Hornfjörðingur .....	160 "	"	4.000,00
Hringur .....	106 "	"	2.650,00
Hörður .....	260 "	"	6.500,00
Kinnskær .....	32 "	"	800,00
Kópur .....	104 "	"	2.600,00
Léttfeti .....	132 "	"	3.300,00
Léttir .....	308 "	"	7.700,00
Ljúfur .....	77 "	"	1.925,00
Logi .....	115 "	"	2.875,00
Máni .....	165 "	"	4.125,00
Neisti .....	103 "	"	2.575,00
Óðinn .....	54 "	"	1.350,00
Seyðir .....		"	0,00
Sindri .....	165 "	"	4.125,00
Sleipnir .....	291 "	"	7.275,00
Smári .....	224 "	"	5.600,00
Snarfari .....	47 "	"	1.175,00
Snæfellingur .....	208 "	"	5.200,00
Snæfaxi .....	76 "	"	1.900,00
Stílgandi .....	175 "	"	4.375,00
Stormur .....	92 "	"	2.300,00
Sörli .....	263 "	"	6.575,00
Trausti .....	103 "	"	2.575,00
Pjálfí .....	150 "	"	3.750,00
Práinn .....	29 "	"	725,00
Pytur .....	131 "	"	3.275,00
6.755 félagar		Kr.	168.875,00

30.

32. Hesturinn okkar.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 1981.

TEKJUR:

Áskrift og lausasala .....	Kr. 316.450,30
Auglýsingar .....	" 10.500,oo
Vextir .....	" 6.140,11
Tekjur samtals: Kr. 333.090.41	

GJÖLD:

Prentsmiðjan Oddi h.f. ....	Kr. 75.768,00
Myndamót h.f. ....	" 34.330,00
Morgunblaðið .....	" 45.220,00
Burðargjöld .....	" 11.665,05
Burðargjöld v/Eiðfaxaauglýsingar .....	" 5.448,00
Plastþökkun .....	" 6.645,50
Fákur, þáttaka í skrifstofuvinnu .....	" 15.132,44
Círóseðlar .....	" 8.400,00
Myndir .....	" 2.600,00
Prófarkalestur o.fl. ....	" 7.320,00
Tölvuvinnsla .....	" 8.179,00
Annað .....	" 2.447,50
Húsaleiga .....	" 2.460,00
Gjöld samtals: Kr. 225.615,49	
Nettó tekjur: " 107.474,92	
Kr. 333.090,41	

31.

Hesturinn okkar.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1981.

EIGNIR:

Handbært fé:

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis:

Sparisjóðsbók nr. 36610 ..... Kr. 3.416,16

Ávísanareikningur nr. 24575 ..... " 106.986,47 Kr. 110.402,63

Fyrirfram greidd húsaleiga ..... " 3.700,00

Útstandandi fyrir auglýsingar ..... " 10.500,00

Áhöld á skrifstofu ..... Kr. 539,48

+ Afskrifað áður ..... " 439,48 " 100,00

Eignir samtals: Kr. 124.702,63

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

Skuldir:

Bergur Magnússon ..... Kr. 1.560,00

Eigið fé:

Höfuðstóll 1/1 1981 ..... Kr. 15.667,71

Tekjuafgangur 1981 ..... " 107.474,92 " 123.142,63

Skuldir og eigið fé samtals: Kr. 124.702,63


Reykjavík, 30. september 1982.


  
Gísli B. Björnsson

Framanaskráða reikninga Hestsins okkar, fyrir árið 1981, höfum  
við endurskoðað og teljum þá rétta.

Við höfum sannreynnt að tilfærðar bankainnistæður eru fyrir  
hendi.

Reykjavík, 30. september 1982.

  
Jón Bjarnason

  
Ragnar Á. Magnússon.

**33. FERDANEFND.**

Sem kunnugt er, samþykkti síðasta ársþing L.H. sérstaka ályktun um átak af hálfu L.H. og hestamannafélaganna vegna ferðalaga á hestum, ályktun þingsins hljóðar svo:

"32. ársþing L.H. haldið í Stykkishólmi 30.-31. október 1981, samþykkir að árið 1982 og 1983 verði helguð því megin verkefni að greiða fyrir ferðalögum á landi á hestum. Þingið heitir á öll aðildarfélög sambandsins að taka fullan þátt í samræmu átaki til eflingar þessari grein hestamennskunnar. Unnið verði skipulega að eftirtöldum þáttum meðal annars:

- a) Helstu reiðleiðir verði kortlagðar sérstaklega og jafnframt fallegar og vinsælar sérleiðir á hverju svæði, stutt lýsing með gagnlegum ábendingum verði samin um hverja leið.
- b) Gerð verði reiðvegáætlun fyrir landið allt um leið og þess er freistað að meta forgangsröð verkefna, þar með talið girðingu, nátthaga o.s. frv.
- c) Þingið hvetur aðildarfélög til þess að merkja eða varða reiðleiðir og að þau skipuleggi sjálfboðavinnu félaganna við brýnustu verkefnin.
- d) Auglýst verði eftir aðilum sem reiðubúnir væru til þess að greiða fyrir hestafólkí á ferð, svo sem með nátthaga, svefnþokaplássi o.s. frv. Gefin verði út skrá um slike staði.
- e) Leitað verði samstarfs við Vegagerð ríkisins og skipulagsyfirvöld og gengið eftir stuðningi ríkis og sveitarfélaga við reiðvegagerð samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun. Unnið verði að því að reiðvegir verði teknir inn á skipulag allra sveitarfélaga, þess verði gætt að halda gömlum reiðleiðum opnum og opna þær, sem lokað hefur verið.
- f) Tekið verði saman í lítið kver listi yfir minnisatriði og hvaðeina sem að haldi má koma fyrir þá, sem hyggja á langferð á hestum.
- g) Stjórn L.H. meti, hvort rétt sé að setja starfsnefnd til að tryggja framkvæmd þessarar tillögu. Stjórn L.H. gefur næsta aðalfundi skýrslu um málefnið sem heild".

Í framhaldi af þessari samþykkt, ákvað stjórn L.H. í haust að skipa sérstaka ferðanefnd, til að hafa yfirumsjón með framkvæmd þessarar tillögu og eiga sæti í nefndinni Hjalti Pálsson,

Reykjavík, formaður, Ólafur Þórðarson, Reykholti, Stefán Pálsson, Kópavogi, Sveinbjörn Dagfinnsson, Reykjavík og Valdimar Jóhannesson, Reykjavík.

Nefndin ákvað pegas í upphafi að leggja í fyrstu áherslu á, að tryggja að gert verði ráð fyrir riðandi umferð við vegalagningu að hálfu Vegagerðar ríkisins og jafnframt að vinna að kortlagningu helstu reiðleiða. Nefndin telur að hér sé um að ræða grundvallaratriði, sem verði að hafa forgang. Mjög gott samstarf náðist við Vegagerð ríkisins varðandi reiðvegagerð og náðist eftirfarandi samkomulag sem undirritað hefur verið:

**34. SAMKOMULAG**

**MILLI LANDSSAMBANDS HESTAMANNA OG  
VEGAGERÐAR RÍKISINS UM GERÐ REIÐVEGA.**

**1. gr.**

Þegar stofnbrautir eða þjóðbrautir með bundnu slitlagi eru lagðar út frá þéttbýlissvæðum eða annars staðar, þar sem búast má við mikilli umferð, skal þess gætt að haga framkvæmdum á þann veg, að umferð riðandi manna megi verða sem greiðust, t.d. með gerð reiðvega á vegsvæði meðfram vegum, ef þess er kostur, enda hafi komið um það tillaga frá samstarfsnefnd, sbr. 2. og 3. gr.

**2. gr.**

Í hverju umdæmi skal starfa samstarfsnefnd skipuð fulltrúa Vegagerðar ríkisins og tveimur fulltrúum frá Landssambandi hestamannafélaga.

**3. gr.**

Samstarfsnefndir skulu fylgjast með áætlunum um gerð þjóðvega með bundnu slitlagi og semja álitsgerðir um lausn á umferðarmálum riðandi manna, sem lagðar skulu fyrir hönnunar aðila til athugunar og eftirbreytni með hæfilegum fyrirvara.

Samstarfsnefnd skal jafnan eiga aðgang að upplýsingum um áförmáða reiðvegi hjá hönnunaraðila.

Samstarfsnefndir skulu jafnframt, þar sem þörf krefur, gera tillögur um gerð reiðleiða meðfram stofnbrautum og þjóðbrautum, sem pegas hafa verið byggðar.

Þá skal samstarfsnefnd fylgjast með reiðleiðum, sem gerðar verða samkvæmt framanskráðu og gera tillögur um viðhald þeirra, eftir því sem þörf krefur.

## 4. gr.

Agreiningi sem upp kann að koma innan samstarfsnefndar, er heimilt að vísa til vegamálastjóra eða fulltrúa hans og stjórnar L.H., sem ber að fjalla sameiginlega um ágreiningsmál og leita lausnar á þeim.

Reykjavík 07.05.1982

F.h. Landssambands hestamannafél. F.h. Vegagerðar ríkisins  
Stefán Pálsson Gunnar Gunnarsson

Stjórnin telur að ákaflega stórum áfanga hafi verið náð með þessu samkomulagi, því þessi þing okkar hafa oft tekið þessi málefni til umfjöllunar og ekki legið ljóst fyrir, hvort breyta þyrfti lögum til að koma reiðvegum inn. Niðurstaða lögfræðings vegamálastkrifstofunnar og vegamálastjóra var sú, að reiðvegir rúmuðust innan núverandi vegalaga og er samkomulagið niðurstaða þeirrar túlkunar.

## 35. KORTLAGNING HELSTU REIÐLEIÐA

Hitt atriðið sem ferðanefndin tók til meðferðar er kortlagning alls landsins á helstu reiðleiðum. Landmælingar lands hafa lagt L.H. til kort af öllu landinu í mælikvarðanum 1:100.000. Hestamannafélögnum hafa verið send þessi kort og var ætlast til að þau væru komin inn á skrifstofu L.H. í maí mánuði. Hestamannafélögini virðast hafa þurft meiri tíma en nefndin ætlaði, til að ljúka því verki, sem þeim var ætlað að framkvæma, þ.e. að segja, að merkja inn helstu reiðleiðir, hvert á sínu svæði. Nefndin vill hvetja öll hestamannafélögini til að senda inn þessar upplýsingar því að þær eru grundvöllur að áframhaldandi vinnu. Ferðanefndin mun síðan leita samstarfs við Landmælingar um úrvinnslu á þessum kortum.

## 36. FRÆÐSLUNEFND

Starf fræðslunefndar hefur e.t.v. ekki skilað eins miklum árangri, fljótt á lítið, eins og til var stofnað. Ekki má þó gleyma því, að fræðslustarfið þarf að grundvalla og byggja upp á því fræðsluefnini sem er til staðar, auk þess sem nýtt er tekið inn í myndina og þrjónað saman. Mikið af tíma nefndarinnar hefur farið í að kanna fræðsluefnini og leita að samanburði við félagsstarf annarra félaga og kynna sér störf ýmissa fræðslunefnda í félögum. Oft þarfnað "fræðslupakki" sérstakrar kynningar og æfingar áður en hann er talinn boðlegur. Þá veltur og á miklu að félögin séu við því búin að taka við boðskapnum og láta hann ganga lengra.

Pegar námskeið eru ákveðin, verður að hefjast handa við undirbúning og afla leiðbeinenda og þátttakenda, þegar allt hefur verið skipulagt. Námskeið í sjúkrajárningum var eitt þeirra námskeiða, sem stefnt var að með þátttakendum sem viðast af landinu og ætlað að verða járningamönnum til hjálpar við sjúkrajárningar.

Því miður rann tíminn frá undirbúningsstarfinu út í sandinn og frestaðist því um óákveðinn tíma. Fyrirhugað er, að taka þetta námskeið upp aftur en í eitthvað breyttu formi með tilliti til leiðbeinenda og staðsetningar. Eru formenn félaganna hvattir til að kynna þetta sem mest, þegar þar að kemur, svo þátttakan verði sem best.

Stefnt er að námskeiði fyrir leiðbeinendur í hestamennsku og unglungastarfi í vor, einkum ætlað þeim leiðbeinendum, sem þegar eru farnir að stunda leiðbeiningar í hestamennsku utan hins hefðbundna ramma hestamannafélaganna. Styrkur til reiðskólastarfsemi mun verða settur til þessa verkefnis að þessu sinni, enda þannig eflaust langbest varið í þessu skyni.

Um kvíkmynda- og fræðslumál almennt er það að segja, að þau hafa verið í skipulagningu hjá nefndinni og verður gefið út yfirlit yfir það fræðsluefnini, sem á boðstólum er, hverju sinni eða hvert tímabil á vetri, hausti eða vori.

### 37. GÆÐINGA- OG UGLINGANEFND

Gæðinga- og unglingsnefnd vann að ákveðnum verkefnum á árinu.

Auk útgáfu á gæðingareglunum sjálfum með áorðnum breyttingum síðustu ára og útgáfu á nýjum unglingsreglum, sem samþykktar voru á síðasta ársþingi. Sá nefndin um útgáfu á endurbættum leiðbeiningum fyrir dómara bæði vegna gæðinga- og unglingsakeppni. Þá samdi nefndin og gaf út leiðbeiningar fyrir keppendur, einnig bæði vegna gæðinga- og unglingsakeppni.

Nefndin undirbjó og sá um námskeið í Reykjavík dagana 7. 8. og 9. maí í vor. Þetta var endurhæfingar- og framhaldsnámskeið fyrir starfandi gæðingadómara, með landsdómararéttindi í huga. Leiðbeiningar önnuðust ýmsir þekktir hestamenn og reiðkennrarar auk nefndarmanna.

Tuttugu og þrír dómrarar sóttu námskeiðið af þrjátíu sem til voru kallaðir, tuttugu og tveir hlutu landsdómararétt.

Við val manna á þetta námskeið var sú aðferð notuð, að félag dómara tilnefndi 10 menn, framkvæmdaneftnd landsmóts aðra 10, en stjórn L.H. tilnefndi 5 auk fimm nefndarmanna, sem allir eru dómrarar. Þegar til kom vantaði nokkuð á að allir mættu sem tilnefndir voru, en það kom að sjálfsögðu ekki í ljós fyrr en í upphafi námskeiðs og þá of seint að bæta úr.

Flestir þeirra sem námsekiðinu luku störfuðu sem dómrarar á landmótinu ýmist við gæðinga- eða unglingsakeppni.

### 38. HESTHÚSBYGGINGANEFND

Eftir ársþingi í Stykkishólmi 1981 skipaði stjórn L.H. eftirtalda menn í hesthúsbygginganeftnd:

Jóhannes Guðmundsson, verkfræðingur, formaður  
Magnús Sigsteinsson, bygginga- og búteknifræðingur  
Jóh. Ásbjörnsson, tæknifræðingur  
Páll Magnússon, trésmiður  
Reynir Vilhjálmsson, landslagsarkitekt.

Nefndin hefur haldið 13 fundi. Til þessa hefur starf nefndarinnar eiknum verið fólgioð í gagnasöfnun. Nefndarmenn hafa farið í skoðunarferðir í hesthúsahverfi á Reykjavíkursvæðinu, um Mosfellssveit, upp í Borgarfjörð og um Suðurland. Hesthús voru skoðuð, mynduð og mæld upp. Rætt var við hesthúseigendur og hestamenn og leitað á líts þeirra á ýmsum atriðum. Þá hefur verið safnað saman tiltækum teikningum af nýlega byggðum hesthúsum. Gagnasöfnun má nú heita lokið og er úrvinnsla og flokkun efnisins að hefjast.

Nefndin stefnir að því að taka saman leiðbeiningabækling um byggingu hesthúsa, er hún skilar af sér störfum.

## 39. SKÝRSLA KAPPREIÐANEFNDAR L.H. 1982

Þegar nefndin hóf störf á síðastliðnum vetrí, var fyrsta verkefni hennar að yfirfara og búa til kynningar þær breytingar sem síðasta ársþing gerði á kappreiðareglugerð L.H.

Nefndin hefur komið alloft saman og fer hér á eftir samantekt um helstu verkefni og umfjöllun þeirra.

Vel eru pekktar þær deilur sem urðu síðastliði vor um aldursmörk knapa og gerð reiðvera sem nota skyldi á stökkhesta. Ferill þessa málს ætti að vera okkur áminning um að breytingar á ekki að gera til þess eins að breyta, heldur er öllu óhætt bó að tímí sé tekinn í að skoða vel afleiðingar breytinga sem mönnum dettur í hug.

Nefndarmenn eru á einu máli um að mjög vandlega verði að skoða afleiðingar þess að taka upp sérstök starfsréttindi kappreiðastarfsmanna, en framgangur þess átti að verða eitt af verkefnum nefndarinnar. Var nefndinni einnig ætlað að hafa forgöngu um námskeið fyrir kappreiðadómara. Var því framkvæmda-nefnd landsmóts ásamt öllum hestamannafélögum sent dreifibréf þar að lútandi. Ekki reyndist almennur áhugi, því engar óskir komu fram.

Það er augljóst að yrðu tekin upp starfsréttindi á kappreiðum myndi kostnaður félaganna stóraukast og trúlega yrðu slikir menn svo fáir til að byrja með, að talsvert erfitt geti orðið að manna kappreiðarnar sliku starfsliði. Nefndin telur hinsvegar ástæðu til að skoða það rækilega hvort ekki sé eðli-legast að einungis yrði um að ræða staðfestingu á þáttöku fólks en ekki réttindi.

Ef það verður niðurstaðan að margumtöluð fræðsla sé nauðsynleg, þá er ljóst að byrja verður á að afla kennslugagna. Þá er og notkun myndbands vel hugsanleg í þessum tilgangi.

Þegar samþykktir eru gerðar eins og sí er gerð var um reiðver á kappreiðahestum, þá vakna ýmsar spurningar, t.d. hvort hægt sé að skylda knapa til að nota búnað sem alls ekki er á boðstólum? Hefur nefndin haft samráð við þekkta reiðtyggjaverslun um útvegum öryggisbúnaðar, s.s. hleypingagjarða, öryggislása o.fl. Þegar séð verður hvaða reglur gilda næsta keppnistímabil.

Meiningarmunur kom fram um merkingu orðsins reiðver. Telja sumir, að reiðver merki hnakkur og ekkert annað. Aðrir og m.a. orðabók Háskólans segja reiðver eiga við um hvert það tæki sem notað er til hjálpar við að sitja hest.

Afleiðingarnar af þessum orðaleik við tillögugerað gefa óneitanlega tilefni til þess að biðja þingfulltrúa um að nota skýrt og ótvírett mál við tillögugerað - flutning og nefndarálit.

Stjórn L.H. óskaði eftir því að kappreiðanefnd endurskoðaði kappreiðareglugerð og tilhögun við kappreiðar, ef mætti bæta framkvæmd kappreiðanna. Eins og viðar hefur komið fram telur nefndin ekki ástæðu til að gera breytingar nema að vel athuguðu máli, og gerir nefndin aðeins tvær tillögur sem lagðar verða fram á þessu þingi. Sjá þingskjöl og tillögur.

Stjórn L.H. og kappreiðanefnd eru sammála um að ársþing L.H. 1982 geti ekki litið framhjá þeim vanda, sem leiddi af ákvörðun síðasta ársþings um aldursmörk knapa. Vill því kappreiðanefndin leggja til að 14 ára aldursmark verði haft sem lágmarksviðiðun um aldur knapa á kappreiðum. Er það mjög eindregin ósk okkar nefndarmanna að á þessu máli verði tekið af stillingu og sáttfýsi og að þingi loknu geti menn staðið heilir og sáttir að framkvæmd kappreiða í framtíðinni.

Þó nefndin geri ekki tillögur um fleiri mál, þá hafa umræður og athuganir nefndarinnar eigi að síður leitt til þess, hvort endurskoða ætti nokkrar greinar í reglugerðinni með eftirfarandi breytingar í huga.:

1. Eftirlit með búnaði knapa eykur vinnu hestavarða. Þetta þyrfti að ákveða nánar og útskýra í 1. gr. þar sem fjallað er um starf hestavarðar.
2. Timataka á ráslínu var heimiluð á síðasta ársþingi. Prófanir á þessari tilhögun báru jákvæðan árangur sl. summar, og þar sem til mikils er að vinna með tíma og bið á kappreiðum oft löng, þá vaknar sú spurning, hvort ekki ætti að framkvæma tímatöku og þá að gera tímamörk að skyldu?
3. Í núverandi reglugerð er heimildarákvæði um frávik á hefðbundinni kynningu keppnishesta. Nokkur félög hafa reynt að haga þessu þannig að allir hestar í sömu grein eru kynntir saman og sendir á ráslínu í einum hóp. Þetta

ásamt strangari tímasetningu skapar aðhald og mótin ganga fyrir sig. Einn nefndarmanna gerði tímamælingu á vorkappreiðum Fáks (sjá meðfylgjandi töflu sem skýrir sig að mestu sjálf). Hér er aðeins um þessu einu mælingu að ræða en margt bendir til þess að ná megi mun betri nýtingu tíma með breyttu skipulagi. Gagnlegt væri fyrir þá sem koma til með að vinna að þessum málauflokki að vita eitthvað um vilja og áhuga hestamannafélaganna um þessi mál.

4. Kappreiðanefndinni hefur ekki tekist að finna neinar skýrslur um úttekt eða mælingar á skeiðvöllum félaganna. Er því lyst eftir öllum tiltækum upplýsingum varðandi velli og ástand peirra. Mun skrifstofa L.H. safna þeim gögnum saman sem berast.
5. Í núverandi reglugerð er allfast kveðið að orði um agamál. Bendir allt í þá átt að mjög hart eigi að taka á grófum hvatningum og raunar hverju því sem miður fer hjá knöpum. Er ekki nema sanngjarn gagnvart þeim sem vel gera, að taka ekki upp tilkynningar skyldu og skráningu agabrota, heldur fara þá leið að dæma til fulls í slikum málum heima á skeiðvöllunum, en skrifstofa L.H. hafi síðan upplýsingar um það hverjir hafi gerst brotlegir, verið áminntir o.s.fr. Það er von okkar sem að þessari skýrslu stöndum, að ársþing okkar beri gæfu til að skipa svo málum að á næstunni verði haldnar margar drengilegar og skemmtilegar kappreiðar.

Skráning á tíma einstakra hlaupa  
á vorkappreiðum Fáks 15. maí 1982

Riðlar nr. tegund	Tími frá því þulur kallað þar til næsti hestur fer frá dömpalli	Ferðin frá dömpalli að ráslinu	Rassing	Hlauptími og hlaupgesla	Mínútur alls
1. brokk 800 m	1	2	3	3	9
2. stökk 800 m	4	5	1	1	11
3. " "	3	3	4	1	11
4. stökk 300 m	6	3	4	1	14
5. " "	5	3	3	1	12
6.	6	3	5	1	15
7. brokk 300 m	3	1	4	2	10
8. skeið 250 m	4	1	1	2	8
9.	3	2	2	2	9
10.	2	1	2	2	7
11.	1	1	1	2	5
12. folahl. 250 m	4	3	4	1	12
13.	5	2	1	1	9
14.	5	3	2	1	11
15. skeið 150 m	2	1	2	2	7
16.	1	1	1	2	5
17. brokk 800 m	4	4	3	3	14
18. stökk 800 m	5	4	3	2	14
19. stökk 300 m	5	4	8	1	18
20. brokk 300 m	3	1	2	2	8
21. skeið 250 m	4	1	4	2	11
22. " "	3	1	1	2	7
23. " "	3	1	2	2	8
24. skeið 150 m	2	1	1	2	6
25. " "	1	1	1	1	4
	85	53	65	42	245
	3,4	2,12	2,6	1,68	9,80

## 40. MÓTANEFND 1982 - SKÝRSLA TIL L.H.

Mótanefnd 1982 skipuðu eftirtaldir fulltrúar: Skúli Ögm. Kristjánsson, formaður, Sigfús Guðmundsson, Geldingaholti, Þorvaldur Þorvaldsson, Reykjavík, Leifur Jóhannesson, Stykkishólmi og Steinþór Runólfsson, Hellu, og var sá síðastnefndi kjörinn ritari nefndarinnar.

Mótanefnd kom fyrst saman til fundar 8. janúar. Þá gerði formaður hennar grein fyrir þeim verkefnum, sem ætlast væri til að hún fjallaði um, en þau voru eftirfarandi:

1. Niðurröðun móta.
  2. Gerð og búnaður keppnisvalla.
  3. Almenn framkvæmdaatriði hestamóta.
- Störf sín leysti nefndin á eftirfarandi hátt:
1. Hestamannafélögunum var skrifað og þeim gefinn ákveðinn skilafrestur til þess að koma óskum sínum um væntanlegt mótaþald á framfæri. Viðbrögð félaganna við þessum tillælum voru sәmileg og allmargar tillögur bárust. Þegar nefndin kom saman til þess að stilla upp mótskránni, vantaði nokkuð á, að fullnægjandi upplýsingar lægju fyrir til þess að unnt væri að ljúka verkinu. Eftir allmiklar símhringingar og eftirgangsmuni var framkvæmdastjóra L.H. falið að færa síðustu félögini inn á skrána. Þessi auka fyrirhöfn er mjög hvimleið og haldi svo áfram, er augljóst, að bolinmæði mótnefndar brestur gagnvart þeim, sem ekki sinna þessari sjálfsögðu tilkynningarskyldu.

Að fenginni reynslu telur nefndin skyldu sína, að vekja athygli á, hversu mörg mótin eru orðin. Á síðasta keppnistímbili voru íþróttar- og hefðbundin móti um 47 auk nokkurrar firmakeppna. Það er því ásett á helgarnar og ástæða til þess að huga að því, hvort aukið samstarf á milli félaga um mótaþald sé fyrir hendi.

    2. Mótanefnd tók undir um framkomnar hugmyndir um gerð sérstakra eyðublaða til notkunar fyrir starfsmenn kappreiða. Var nokkuð fjallað um málið og bárust fregnir af því að sum eyðublöðin höfðu líkað vel en önnur miður á þeim móti um þar sem þau voru reynd. Rætt var um tæknibúnað til þess að auðvelda framkvæmd móta. Hér verður aðeins getið um að könnun er í gangi á því hvaða möguleikar eru í boði varðandi "tölvuklukkur" til tímatóku á kappreiðum.

3. Verulegar umræður fóru fram um það, hvaða lágmarkskröfur byrfti að gera til mótsvæða svo að aðstaða teldist viðunandi, ekki aðeins á hlaupabraut, heldur einnig varaðni umferð manna, hesta og ökutækja og öryggis og hreinlætismál ekki undanskilin. Nefndin taldi sér ekki fært á þeim tíma sem hún hafði yfir að ráða að ganga frá heildarreglum um þetta efni. Kom þar margt til m.a. að safna þyrfti saman þeim reglum sem samtökum hefðu þegar sett og síðan að fylla í eyður eða breyta. Þá yrði að gæta þess að reglur um hreinlætisaðstöðu og meðferð hvers konar veitinga samræmist heilbrigðislöggjöfinni. Þá tekur skipulagning umferðar um mótsvæði alltaf tíma því leiðin á milli ofstjórnar og óreiðu er vandrötuð. Sérstök umræða fór fram um girðingar umhverfis hlaupabrautir og keppnisvelli og fylgja hér með tillögur sem nefndin óskar eftir að teknar verði til umfjöllunar á næsta landsþingi. Forsendur þess að þær eru lagðar fram sérstaklega eru m.a. tvö eftirfarandi atriði:
  - a) Hestar eru vanafastir og því auðveldar það stjórnun þeirra ef girðingar og merking valla er allsstaðar eins.
  - b) Nefndinni var ekki kunnugt um að neinar heildarreglur væru til um efnisval og uppsetningu girðinga um keppnisbrautir. Þær reglur yrði að setja og afla þeim formlegrar viðurkenningar á því að þær teldust forsvaranlegar með tiliti til öryggis áhorfenda auk þess að þær yrðu viðurkenndar sem fullgildar af þeim aðilum sem taka að sér ábyrgðartryggingu mótnanna.
4. Af öðrum atriðum sem rædd voru vill nefndin hvetja til þess að "flaggakerfi" hlaupagæslumanna verði allsstaðar notað þegar kannað er hvort hlaup hafi farið löglega fram. Þá beri að leggja aukna áherslu á tímasetningu, og riðla alls ekki atriðum í áður auglýstri dagskrá. Talsamband frá dóm palli við ræsi og hestavörð væri víða áfátt og byrfti úrbóta við. Dómstörf í gæðingakeppni væru þung í vöfum og hestamót í heild of langdregin. Varast þéri að reyna um of á bolinmæði áhorfenda og því þéri að stefna að því að venjuleg eins dags móti sem byrjuðu eftir hádegi stæðu ekki lengur en í 4 til 4½ klst.

5. Frestur til þess að skila inn óskum um hestamót næsta keppnisár var settur til 1. mars 1983.

Skýrslu mótanefndar þar með lokið.

#### 41. LAGANEFND

Samkvæmt samþykktum þings L.H. í Stykkishólmi var sett á fót milliþinganeftndar til að yfirlara lög L.H. og gera tillögur til breytinga. Samþykktir þingsins voru svohljóðandi:

1. Tillaga um skipun milliþinganeftndar til að endurskoða lög og reglur L.H.: 32. ársþing L.H. samþykkir, að stjórn L.H. kjósi 5 manna milliþinganeftnd, sem vinni að heildar-endurskoðun á lögum og reglum um starfsemi L.H. Skal nefndin hafa lokið störfum fyrir 1. sept. 1982 og skulu tillögur nefndarinnar lagðar fyrir næsta ársþing L.H. Nefndin taki m.a. til athugunar eftirfarandi:

- a) Fyrirkomulag ársþinga.
- b) Leiðir til að gera stjórn og varastjórn L.H. virkari og hvort rétt sé að taka upp sérstaka framkvæmdastjórn, sem fari með daglegan rekstur.
- c) Hlutverk formanna- og svæðafunda.
- d) Stöðu, verkefni og skipan fastanefnda L.H. (þingskj. nr. 4.)

#### Samþykkt samhljóða.

2. Tillaga til breytinga á lögum L.H.: 32. ársþing L.H. samþykkir að gera þá breytingu á 5. gr. laga L.H., að eftirfarandi tölur í greininni: "50", "51-100", og "101-150" breytist og verði: "60", "61-120", og "121-180". (þingskj. 7.)

#### Samþykkt með 79 atkvæðum gegn engu.

I nefndina voru valdir: Gísli B. Björnsson, formaður, Haraldur Sveinsson, Birgir Guðmundsson, Sverrir Hallgrímsson, Stefán Pálsson, Egill Bjarnason og Gunnar Gunnarsson.

Nefndin kom reglulega saman og lauk í maí vinnu við uppkast að nýjum lögum og reglum um félagsréttindi.

Tillögur þessar voru sendar stjórnarmönnum L.H. og formönnum allra félaga L.H. Beðið var um að athugasemdir og ábendingar bærust fyrir 15. september. Nefndin mun nú í haust yfirlara tillögur sínar og þær hugmyndir er berast.

#### 42. ÁRSSKÝRSLA ÍÐRÓTTARÁÐS L.H. 1982

Laugardaginn 9. jan. var haldið 4. ársþing íþróttaráðs L.H. Þar voru ýmis mál tekin fyrir og rædd. Samþykktir þingsins voru þessar helstar:

- A) Samþykkt um samstarf stjórnar L.H. og íþróttaráðs um aðild að F.E.I.F.
- B) Stofna nefnd um endurskoðun keppnisreglna íþróttakeppni.
- C) Ályktað að ákvörðun verði tekin fljótt um framkvæmd væntanlegs tilraunamóts E.M.
- D) Tekin verði upp keppni í 5-g hjá eldri flokki unglings.
- E) Í forkeppni í hestaíþróttum mega fleiri hestar en einn vera inná í senn.
- F) Í úrlitum hestaíþróttar skal gefin einkunn að nýju. Í stigakeppni skal hærrí stigatala gilda.
- G) Í úrlitakeppni mega dómarar færa sig út fyrir dómhring. Annars er heimilt að dómarar dæmi sömu hlið vallar.
- H) Stjórn íþróttaráðs var falið að auglýsa eftir íþróttadeild eða nefnd til að sjá um Íslandsmóti í hestaíþróttum.
- I) Akveðið að stofna dómaraklúbb í hestaíþróttum.

Í lok þingsins var kosin stjórn (Ný) íþróttaráðs L.H.

Hana skipa:

Sigurður Sæmundsson, formaður, Gunnar Friðþjófsson, varafórm., Þorvaldur Ágústsson, gjaldkeri, Guðmundur Jónsson, ritari, Örn Karlsson, meðstjórnandi, Óli Pétur Gunnarsson, varam., Reynir Aðalsteinsson, varam.

Hér á eftir fer skrá um helstu verkefni hinnar nýju stjórnar: Akveðið að óska eftir að eftirtaldir fjórir menn yrðu tilnefndir F.E.I.F.-dómarar og fengju sambærileg dómararéttindi:

Snorri Ólafsson, Þorvaldur Ágústsson, Viðar Halldórsson, Benedikt Garðarsson.

Skipaðir tveir menn úr stjórn íþróttaráðs í viðræðunefnd við I.S.I., þeir Sigurður Sæmundsson og Guðmundur Jónsson.

Nefnd er starfandi að tillögu íþróttaráðs er fjallar um, hvernig beri að standa að þátttöku Íslands í næsta Evrópumóti. Skilar nefndin ekki niðurstöðum fyrr en næsta ár.

Akveðið var að taka boði Mána í Keflavík um að halda islandsmót í hestaíþróttum '82.

Ritari íþróttaráðs endurskoðaði keppnisreglur og lög íþróttaráðs og kom öllum áorðnum breytingum þar inn. Voru þær síðan prentaðar í nýrri útgáfu af lögum og reglum L.H.

Stjórn íþróttaráðs var falin framkvæmd tilrauna E.M. á landsmóti og tók það mikinn tíma. Alls voru haldnir sjö stjórnarfundir um málið. Helstu verkefni fyrir mótið voru:

- Val landsliðs Íslands. Var þar miðað við árangur á árinu. Keppendur voru þeir Reynir Aðalsteinsson og Sigurbjörn Bárðarson.
- Útvegin hesta til keppninnar. Þar sem flestir bestu hestar landsins voru uppteknir á landsmótinu sjálflu, reyndist þetta hið mesta þrekvirki. Var stjórnin nokkuð ánægð með val hestanna miðað við aðstæður og þakklát hinum fórnfusu eigendum. Vill stjórnin hér með pakka fyrir lánið á hestunum.
- Akveða þurfti framkvæmd og tilhögun mótsins og útvega starfsmenn. Var þetta býsna erfitt þar sem margir hæfir menn voru bundnir við önnur störf á landsmóti.
- Mótsskrá þurfti að útbúa og dreifa henni.

Er það álit stjórnar íþróttaráðs að mótið hafi tekist vonum framar og hér hafi verið sýnt fram á að mögulegt sé að halda Evrópumót á Íslandi í framtíðinni. Vill stjórnin vara menn við að einblína á eða blása út leiðinda atvik af völdum örfárra knapa á mótinu og sverta þar með mótið í heild.

Af þessu atviki eiga menn að draga þann lærðom að aga-reglur eru ekki til og þarf því að setja þær hið bráðasta. Stjórn íþróttaráðs mun gera hvað hún getur til þess að það megi verða.

Islandsmót í hestaíþróttum var haldið helgina 21.-22. ágúst á Mánagrund í Keflavík. Því miður hefði framkvæmd mótsins mátt vera miklu fastar skorðuð og öruggari, en hestar og keppendur voru hins vegar í mjög góðri þjálfun.

Næsta verkefni er undirbúnингur 5. ársþings íþróttaráðs sem haldið verður í Fáksheimilinu laugardaginn 11. des. n.k. og hefst kl. 10 árdegis. Vonandi geta allir fulltrúar íþróttadeilda mætt til þings og tekið þátt í störfum þess.

f.h. íþróttaráðs L.H. Guðm. Jónsson, ritari.

### 43. Besti árangur kappreiða sumarið 1982

#### 250 metra skeið:

- Villingur frá Möðruvöllum skeiðaði á Faxaborg 1/8 á 21,7 sek.
- Börkur frá Kvíabekk skeiðaði á Vindheimamelum 11/7 á 22,6 sek.
- Funi frá Seljabrekku skeiðaði á Víðivöllum 23/5 á 23,0 sek.

#### 150 metra skeið:

- Torfi frá Hjarðarhaga skeiðaði á Vindheimamelum 11/7 á 14,7 sek.
- Ásapór frá Kirkjubæ skeiðaði á Faxaborg 1/8 á 15,1 sek.
- Freistaing frá Austurkoti skeiðaði á Víðivöllum 25/7 á 15,3 sek.
- Fjölnir frá Kvíabekk skeiðaði á Víðivöllum 25/7 á 15,3 sek.
- Hvöt frá Sigmundarstöðum skeiðaði á Faxaborg 1/8 á 15,3 sek.

#### 250 metra stökk:

- Hylling frá Nýja-Bæ hljóp á Vindheimamelum 11/7 á 17,7 sek.
- Örn frá Uxahrygg hljóp á Vindheimamelum 11/7 á 17,9 sek.
- Loftur frá Álfagerði hljóp á Vindheimamelum 11/7 á 17,9 sek.

#### 300 metra stökk:

- Hylling frá Nýja-Bæ hljóp á Mánagrund 8/8 á 20,6 sek. ísl.met.
- Sþóla frá Máskeldu hljóp á Mánagrund 8/8 á 20,6 sek.
- Tvistur frá Götu hljóp á Faxaborg 1/8 á 21,3 sek.

#### 350 metra stökk:

- Sþóla frá Máskeldu hljóp á Hellu 14/8 á 24,0 sek.
- Sindri frá Ármóti hljóp á Vindheimamelum 11/7 á 24,2 sek.
- Örvar frá Hjaltastöðum hljóp á Vindheimamelum 11/7 á 24,2 sek.

#### 400 Metra stökk:

- Sþóla frá Máskeldu hljóp á Mánagrund 8/8 á 27,6 sek.
- Hylling frá Nýja-Bæ hljóp á Mánagrund 8/8 á 27,6 sek.
- .

#### 800 metra stökk:

- Cesar frá Björgum hljóp á Vindheimamelum 11/7 á 57,5 sek.
- Leó frá Nýja-Bæ hljóp á Vindheimamelum 11/7 á 57,5 sek.
- Þróttur frá Miklabæ hljóp á Vindheimamelum 11/7 á 59,5 sek.

#### 800 metra stökk á hringvelli:

- Örvar frá Hjaltastöðum á Hellu 14/8 á 61,7 sek.

#### 300 metra brokk:

- Fengur frá Ysta-Hvammi brokkaði á Vindheimamelum 11/7 á 31,0 sek.
- Svarri frá Vífilsdal brokkaði á Vindheimamelum 11/7 á 34,0 sek.
- Burst frá Burstafelli brokkaði á Vindheimamelum 11/7 á 34,7 sek.

#### 800 metra brokk:

- Svarri frá Vífilsdal brokkaði á Faxaborg 1/8 á 1.33,3 mín.
- Fengur frá Ysta-Hvammi brokkaði á Hellu 14/8 á 1.40,2 mín.
- Tritill úr Skagafirði brokkaði á Víðivöllum 23/5 á 1.45,2 mín.